

Keldur á Rangárvöllum

Framkvæmdir á Keldum 1997-1998
og stefnumótun um viðgerð bæjarins

Þór Hjaltalín



1

Keldur á Rangárvöllum

**Framkvæmdir á Keldum 1997-1998
og stefnumörkun um viðgerð bæjarins**

Þór Hjaltalín



Ljósmynd á forsiðu: Guðmundur Ingólfsson. Okt. 1997

© Þjóðminjasafn Íslands/Þór Hjaltalín

Öll réttindi áskilin.

ISSN 1560-8050

Prentun/umbrot: Gutenberg – Hraðlestin

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Mannvirki á Keldum	6
Framkvæmdir á Keldum.....	25
Stefnumörkun um viðgerð bæjarins	34
Heimildir	39

Framkvæmdir á Keldum 1997-1998

stefnumörkun um viðgerð bæjarins

Inngangur

Það er sérkennileg reynsla að koma heim að Keldum. Í norðri gnæfir Hekla. Umhverfis er úfið hraun og svartir sandar sem löngum hafa ógnað bygginni. Nú er þar eyðimörk sem fyrrum voru blómlegar byggðir. Á útjaðri hins byggilega standa Keldur og er kraftaverki líkast hvernig ábúendum í lok 19. aldar tókst að halda jörðinni í ábúð, þegar baráttan við sandinn stóð sem hæst. Á Keldum er að finna náttúrufegurð, sögustað og merkilegar minjar um hibýlahætti og búsetu á fyrri öldum. Bærinn er á Njáluslóðum og á 12. og 13. öld var hann eitt af höfuðbólum Oddaverja. Þar stendur elsta hús landsins, Keldnaskálinn, sem að stofni til er frá miðöldum. Skálar voru á miðöldum aðal íveruhús landsmanna allt frá landnámi en Keldnaskálinn mun vera sá eini sem varðveist hefur fram á þennan dag. Eftir fornleifarannsóknir sumarið 1998 er nú búið að "grafa úr jörðu" enn eitt mannvirkið sem tengist hinum forna skála, en það eru jarðgöngin, sem sennilega var ætlað að vera undankomuleið á ófriðartímum. Þau tilheyra neðsta gólflagi skálans, sem er 140 cm neðar en núverandi yfirborð. Að öllum líkindum er um 12. eða 13. aldar mannvirki að ræða. Jarðgöngin hafa nú verið endurgerð þar sem þau voru hrunin og gerð aðgengileg ferðamönnum. Keldnabærinn er ekki síst merkilegur fyrir þær sakir að þar hafa varðveist fjölmörg mannvirki frá fyrri öldum sem saman mynda einstæða heild og gefa innsýn í búskaparhætti gamla bændasamfélagsins. Hann er einnig merkur vitnisburður um þróun torfbæjarins og breytingar kynslóðanna á hibýlum sínum.

Ritaðar heimildir um Keldur eru mjög margar, þar á meðal ýmsar miðaldaheimildir. Skúli Guðmundsson, síðasti ábúandinn í gamla Keldnabænum, hefur snemma gert sér ljóst að í gamla

bænum væru fólgin einstök menningarverðmæti. Hann safnaði miklum fróðleik um einstök hús bæjarins og sögu þeirra. Sjálfur hélt hann nokkurs konar viðgerða- og framkvæmdaannál um öll mannvirki á Keldum, sem hann kallaði *Smæsta smátt*, og safnaði í hann öllum fróðleik sem hann komst yfir. Annállinn nær aftur til búskaparára föður hans og spannar tímann frá um 1850-1940. Faðir hans, Guðmundur Brynjólfsson, hóf búskap á Keldum árið 1833 og er heimildamaður um margt. Sjálfur er Skúli fæddur árið 1862 og dó árið 1946 og bjó hann alla tíð á Keldum. Hér er um að ræða einstaka heimild um viðgerðir og sögu húsanna á Keldum og hefur hún reynst notadrjúg við viðgerðirnar 1997-1998. Þegar lesið er í *Smæsta smátt* verður lesandanum fljótlega ljóst hversu torfbæirnir þurfa griðarlegt viðhald. Stöðugt var verið að endurhlaða vegg og merkilegt má telja ef árið liði án þess að dyttað væri að húsum.¹ Byggingarefni torfbæjanna endist skemur en flest önnur byggingarefni og árlegt viðhald var nauðsynlegt ef haldast átti við í þeim. Þegar hætt er að búa í bæjunum vandast málið enn frekar ef halda skal í horfinu. Með fólkinu hvarf hitinn og Keldnabærinn hefur verið að mestu óupphitaður allt frá því að Þjóðminjasafnið tók við honum árið 1947. Við það hrörnar bærinn og skemmist hraðar en áður. Þegar vetrarveður eru sem hörðust kemur alltaf að því að torfbær lekur. Það skefur snjó inn í húsin eða regnvatnið finnur sér leið í gegnum þök eða vegg. Síðan frýs það og frostþenslan eyðileggur steinhleðslur og gólf. Ýmissa leiða er nú leitað til þess að draga úr hrörnun bæjarins, t.d. með því að koma þar fyrir blásturskerfi til þess að halda honum

¹ Sjá einnig: *Þjms - Þór Hjaltalín*; Keldur: Ritaðar heimildir: I. Þróun bæjarins - Heimildayfirlit, þróun húsaskipunar og viðgerðaannál.



Mynd 1. Myllukofinn niðri við læk sumarið 1997. Stefnt er að því að endurgera gangverk myllunnar svo mala megi korn að nýju. Ljósm. Þór Hjaltalín.

þurum og með því að leggja vatnshelda dúka undir torfið á þekjunum.

Frá því að Þjóðminjasafnið tók við bænum, hefur safnið kostað töluverðu honum til viðhalds. Það sem einkennir framkvæmdirnar er að á nokkura ára millibili er gert átak í viðgerðum, en hefur þó ekki dugað til þess að koma bænum í viðunandi horf. Hlóðældhúsið hrundi árið 1957 og varð að byggja það upp aftur. Árið 1961 voru stafnþil Litluskemmu, smiðju og hjalls endurnýjuð og tveimur árum síðar fór fram rækileg viðgerð á lambhúsunum sunnan við læk. Baðstofan fékk síðan gagngera viðgerð árið 1969, en þá var mikill fúi kominn í grind og sumstaðar í þiljur og gólf. Járnið var ryðgað og veggir voru orðnir laslegir. Á árunum 1969-1971 og 1975-1977 var gert verulegt átak í viðgerðum á bænum. Árið 1970 voru traðirnar hlaðnar upp og norðurveggur skálans árið eftir. Það ár var einnig endurhlaðinn veggur sem hrundi hafði í fjósinu. Árið 1975 var síðan hafist handa við mikla viðgerð á skálanum og var búið þá jafnframt tekið með. Árið eftir voru skemmurnar, hjallurinn og fjósið endurhlaðin eftir því sem þurfa þótti. Árið 1977, sem var lokaár þessarar viðgerðarhrynu, var gert við byggingar í

fjóshólnum, þ.e. Vesturhesthúsið og Hólhesthúsið. Það ár voru einnig lambhúsin endurbyggð og hafði því "hin rækilega" viðgerð sem fram fór á þeim árið 1963 aðeins enst í 14 ár. Eftir viðgerðir þessar kemur langt hlé. Árið 1985 eignaðist safnið Nýja hús byggt 1937 og á næstu árum fóru fram töluverðar viðgerðir á því. Segja má að það viðgerðarskeið sem nú stendur yfir á Keldum hafi byrjað árið 1994, en þá var gert við Litlu- og Stóruskemmu og ári síðar fór fram viðgerð á lambhúsunum. Þegar farið var að huga að viðgerðum vorið 1997 var greinilegt að ástandið var verra en áður var talið og ljóst að bærinn lá undir verulegum skemmdum. Allt timbur var gegnblautt, vatn draup víða úr þekjunni og hleðslur höfðu gengið úr skorðum. Þriggja ára viðgerðaáætlun (sem nú er orðin fimm ára áætlun), var samin og hófust framkvæmdir samkvæmt henni vorið 1997.

Mannvirki á Keldum

Keldnabærinn samanstendur ekki aðeins af sjálfum bæjarhúsunum, heldur fylgja honum fjölmörg önnur uppstandandi mannvirki sem þurfa sitt viðhald og eru hluti af ásýnd staðarins. Í Keldnalandi er einnig fjöldinn allur af rústum



Mynd 2. Keldnabærinn sumarið 1997. Frá vinstri; Nýja hús, baðstofa og skáli. Fremst í bakkanum má sjá inngang Matthíasarganga fyrir endurbyggingu. Ljósmynd: Þór Hjaltalín.

hjáleiga og annarra eyðibýla sem fróðlegt væri að skrá, mæla og teikna. Á víð og dreif í landinu er einnig að finna fjárborgir, réttir, stekki og fleiri byggingar sem heyra bænum til og eru hluti af búsetulandslaginu á þessari stóru jörð. Við sjálf bæjarhúsin teljast vera 24 uppistandandi mannvirki og er rétt að gera nokkra grein fyrir þeim hér (sjá meðfylgjandi kort).

1. Mylla: Páll Guðmundsson, bóndi á Keldum 1817-1828, hefur sennilega verið fyrstur til að reisa myllu til kornmölunar á bænum. Hann mun hafa byggt eina slíka víð fjóslindina í Austurtúninu. Þar þvar vatnið og myllan varð ónothæf. Guðmundur Brynjólfsson hóf búskap á Keldum árið 1833 og bjó á Keldum 50 ár. Hann reisti nýja myllu fyrir vestan bæinn, við norðausturhorn Króktúnsins.

Vatnspurrð hefur alla tíð valdið nokkrum vanda við starfrækslu myllanna. Árið 1870 var hún færð til norðurs um 7-8 faðma og hefur staðið þar síðan. Árið 1895 var myllan

rifin til grunna og endurgerð. Mylla þessi var starfrækt allt til ársins 1916.²

Vorið 1997 var farin skoðunarferð að Keldum og ástand allra mannvirkja metið.³ Göt voru komin á þak myllukofans. Hóla hefur myndast ofan við kofann og rennur vatn og aur þar niður í hann. Búið er að taka upp kvarnasteininn og leifar af vatnshjólinu sem lágu undir ónýtu timburgólfi kofans. Myllukofinn verður gerður upp og gangverk hans endursmíðað.

2. Vesturtraðir: Við lok 19. aldar var fyrst farið að hlaða Vesturtraðirnar. Áður var þetta “að miklu leyti ein gata með troðningum í kring”.⁴ Árið 1903 var traðargarðurinn í fyrsta sinn hlaðinn niður fyrir brekku og vestur að lindinni og voru notaðir hnausar í hleðsluna. Skúli segir að garðurinn hafi verið “snilldarlega hlaðinn” á árunum 1922-1923, með fimm lögum af torfi og grjóti. Var þar

² Þf - Skúli Guðmundsson; Smæsta smátt, bls. 30-32.

³ Þjms - Hjörleifur Stefánsson; Minnisatriði frá skoðunarferð að Keldum, bls. 1.

⁴ Þf - Skúli Guðmundsson; Smæsta smátt, bls. 52.

aðallega um að ræða kaflann frá “olnboga” og niður að botnum við myllukofann. Í hleðslu þessa var notuð snidda. Vesturtraðirnar voru allar uppgrónar vorið 1997 og var grafið upp úr þeim og þær endurhlaðnar þá um sumarið. Vesturtraðirnar munu vera eign Skúla Lýðssonar, bónda á Keldum.

3. Nýja hús: Árið 1937 byggðu Lýður Skúlaason og Jónína Jónsdóttir nýtt íbúðarhús úr timbri, alklaeddu bárujárni og varð Vesturskemman þá að lúta í lægra haldi og var rífin. Árið 1985 festi Þjóðminjasafnið kaup á Nýja húsi og á árunum 1992 og 1997 fóru fram umfangsmiklar viðgerðir á því. Það þjónar nú sem aðstaða fyrir vinnumenn þá sem sinna uppbyggingunni á Keldum.
4. Baðstofa: Páll Guðmundsson (1817-28) mun fyrstur hafa byggt baðstofu við vesturenda skálans, þar sem baðstofan er nú. Húsið er tvílyft og er sjálf baðstofan á efri hæðinni; loftbaðstofa. Á neðri hæðinni er stofa, gestaherbergi og svokallað Piltaherbergi, en þar sváfu vinnumenn. Árið 1891 var hún öll endurbyggð. Stiginn upp í baðstofu var þá færður að austurhlíðinni, nýr og járnfóðraður, en áður hafði hann verið vestan megin þar sem gestaherbergið er nú. Þá var Vesturskemman sem staðið hafði fast samhliða vesturvegg baðstofunnar færð til vesturs og sameinuð útielldhúsinu, sem stóð fast vestan við skemmuna. Útielldhúsið var þá rífið. Við þetta myndaðist sund milli baðstofunnar og Vesturskemmu. Þá voru gluggarnir settir á gestaherbergið og Piltaherbergið í vesturvegginn. Torfpallur, sem verið hafði undir gluggum í stofunni, var tekinn burt og sett standþil niður í gólfhæð. Uppi var norðurgafhláð baðstofunnar rífið en gaflinn þiljaður þess í stað og settur í hann gluggi. Glugginn uppi við vesturvegginn var stækkaður en þar undir var kaffiborðið sett. Hjörtur snikkari smíðaði baðstofuna að mestu leyti og rúmstæðin voru smíðuð ný.⁵ Við þessar framkvæmdir árið 1891 var þekjan járnklædd og sennilega hafa báðir stafnarnir verið klæddir járni árið 1910 og kom það í

stað listaþils áður.⁶ Baðstofan er að heita má óbreytt síðan.

Veturveggur og austurveggur í Piltaherbergi voru mjög farnir að riðlast. Í Piltaherberginu var veggurinn genginn inn í þilin. Gera þurfti við þiljur, fúa undir stoðum, gólfbita, bæði í Piltaherbergi og inni í stofu, og báða stafnanna vegna fúa.


- 5-7. Skáli, bæjardyr og búr: Skálinn ásamt bæjardyrnum og búrinu er óhætt að segja að séu elstu hús landsins. Í *Þorláks sögu helga* er sagt frá því að Jón Loftsson hafi látið smíða kirkju og klausturhús fyrir norðan læk á Keldum.⁷ Allt fram á síðustu öld sáust leifar af bæjarrústum sunnan við lækinn, en nú er þar aðeins lítill bali eftir. Það má því ímynda sér að fyrst þá hafi skáli verið byggður norðan við læk og standi nú á þeim stað sem hann var upphaflega settur. Við fornleifarannsókn sumarið 1998 var tekið snið í gegnum þveran skálann þar sem jarðgöngin tengjast honum. Gólflogin ná um 1,40 metra niður og er það neðsta sennilega frá 12-13. öld. Jarðgöngin munu tilheyra þessu gólfagi. Elstu gólfín í skálanum á Keldum bera merki þess að á þeim voru svokallaðir innstafir, þ.e. tvær stoðaraðir, sín hvoru megin við miðju hússins, gangvegur á milli þeirra, en set upp við veggina. Grindin hefur því verið með ásauppgerð, sennilega þriggja ása, með vaglbita og dverg. Slík grindargerð hefur tíðkast á Þjóðveldisöld, allt frá landnámi. Nú er Keldnaskáli hins vegar með sperruþaki, sem að jafnaði er talin yngri gerð. Samkvæmt rannsókn Guðmundar Hannessonar er sperruþaka ekki getið í fornritum og orðin sperra, sperruleggir, sperrutær, skammbiti og kálfi eða kálfur koma ekki fyrir í fornu máli. Orðið “höggsperra” kemur fyrst fyrir í fornbréfi snemma á 14. öld, þar sem þeirra er getið í sambandi við timburstofuna á Hólum.⁸ Þetta þyrfti þó að rannsaka nánar. Skálinn er af fornri þróunargerð húsa, en þegar komið var fram á síðmiðaldir fór baðstofan að vaxa á kostnað þessa húss og taka yfir hlutverk þess sem svefnstaður og

⁶ ÞÍ - Skúli Guðmundsson; Smæsta smátt, bls. 21-22.

⁷ Þorláks saga, bls. 270.

⁸ Guðmundur Hannesson; Húsagerð á Íslandi, bls. 71.

⁵ Vigfús Guðmundsson; *Keldur á Rangárvöllum*, bls. 161-163.



Mynd 3. Skálinn á Keldum. Grindargerð hans er af svokallaðri sperrugerð. Uppdráttur: Grétar Markússon.

aðal íveruhús. Margir skálar hafa þó staðið fram á 20. öld, en árið 1910 var safnað upplýsingum um torfbæi í tengslum við manntalið. Þá reyndust torfbæir vera 5317 og voru um 30% þeirra með aðeins eitt þil sem sneri fram á hlað.⁹ Á flestum þessara bæja, taldi Guðmundur Hannesson, hafa húsin í fremstu röð verið með skálalagi.¹⁰ Nokkrar efasemdir má þó hafa um það hvort hér hafi verið um eiginlega skála að ræða. Bæirnir voru flokkaðir eftir fjölda þilja sem visuðu fram á hlað. Segir í *Landshaga-skýrslunni* að flestir þeir bæir sem höfðu aðeins eitt þil hafi verið kofar eða hreysi en bæir með fimm eða fleiri þil fram á hlað hafi verið reisulegustu húsin. Hér er því sennilega sjaldnast um eiginlega skála að ræða. Baðstofan hefur þó líklega ekki útrýmt skálanum að fullu. Keldnaskálinn er með svokölluðu stafverkslagi og yfir bæjardyrum er skarsúð, en reisifjalir í búri og skála. Stafverkslagið er mjög fornt og leifar þess má finna frá miðöldum um alla Norðvestur Evrópu. Af uppistandandi byggingum með þessu lagi má nefna

stafkirkjurnar norsku.¹¹ Smíði af þessu lagi hefur verið ráðandi á öllum meiri háttar húsum á Íslandi á miðöldum, en síðar fór bindingsverkið að leysa það af hólmi. Keldnaskálinn hefur í öndverðu verið með rúmstæðum, en ummerki þess sjást af stoðum skálans. Í syllunni er nót fyrir þiljur, sem gengið hafa niður í miðsyllu. Miðsyllan sjálf hefur verið greipt í stoðirnar. Þar fyrir neðan hafa rúmstæðin sennilega staðið. Það hefur verið mikið verk og efnisfrekt að smíða þiljur fyrir daga hefils og sagnar. Guðmundur Hannesson telur sagir ekki hafa verið í notkun hér á landi öllu fyrr en á 15. öld, og álitamál hvort um nýtilegar viðarsagir hafi verið að ræða, því hornasög eða beinsög dugar lítt við húsabyggingar.¹² Orðið hefill kemur hvergi fyrir í fornritum og sennilega hafa menn ekki haft annað en lokar og sköfujárn allt fram á 15. eða 16. öld.¹³ Þiljurnar voru unnar á þann hátt, segir Guðmundur, að drumbur, yfirleitt rekaviður, var klofinn í tvennt með fleygum og öxi, svokallaðri blegði. Á kúpta bakið voru síðan djúpar þverskorur höggnaðar með

⁹ *Landshagaskýrslur 1912*, bls. 13.

¹⁰ Guðmundur Hannesson; *Húsagerð á Íslandi*, bls. 314.

¹¹ Hörður Ágústsson; *Íslenski torfbærinn*, bls. 318-319.

¹² Guðmundur Hannesson; *Húsagerð á Íslandi*, bls. 7.

¹³ Guðmundur Hannesson; *Húsagerð á Íslandi*, bls. 11-12.

nokkru millibili með saxbilu og höftin á milli síðan klofin frá með blegða. Því næst var saxbilan notuð til þess að ryðja af fellingsbakinu, þar til einn planki eða borð stóð eftir. Að lokum var þetta snyrt til með lokar eða sköfu.¹⁴ Það verður þó að teljast undrunarefni hvort og hvernig t.d. miðalda-dómkirkjurnar hafi verið unnar án sagar. Hér skortir heimildir. Í viðina á Keldum voru gerðir skrautprófilar með rómönsku lagi¹⁵ og notuð til þess skafa.

Hlaða þarf upp bæði norðurvegg og suðurvegg skálans ásamt vestur bæjardyrakampi. Einnig þarf að hlaða upp alla veggj í búrinu ásamt austur bæjardyrakampi. Grindin er öll farin að hallast að suðurveggnum og nauðsynlegt er að rétta hana við að einhverju leyti. Á vorin hefur verið mikill raki í bænum og skálaviðirnir fúnað af þeim sökum. Blásturskerfi verður komið í gagnið. Rafmagnshitaður miðstöðvarketill í kjallara íbúðarhússins verður notaður til að hita loft sem blásið verður um rörstokk inn í gamla bæinn til að halda húsinu þurr og frostlausu. Gert hefur verið við allar hurðir í bænum á verkstæði Gunnars Bjarnasonar í Reykjavík.

8. Hlóðaeldhús: Fljótlega eftir að Páll Guðmundsson byggði baðstofu sína vestan við skálann hefur gömlu baðstofunni sem þá var, verið breytt í hlóðaeldhús. Í úttekt frá 1833 er talað um “baðstofu, sem nú er brúkuð fyrir eldhús.”¹⁶ Útieldhúsið, sem stóð allt til 1891, hefur þá misst hlutverk sitt. Í úttekt frá 1817 er þessari baðstofu lýst þannig: “Baðstofan í 4 stafgólfum með 8ta stuttum stöfum, 2 langröftum, sillum báðumegin og áfellum í innsta stafgólfinu, einnig langfjalir á Rúmunum þar, 2 bitum, fimm sperrum, 3 lángbönd í tveimur stafgólfum hverju megin en 4 hverju megin í tveimur. Mænirtróða í öllu húsinu, fjala árepti á einu stafgólfinu en hellu árepti á 3ur með þili fyrir innsta stafgólfinu, dyrastöfum, hurð á járnum með skrá og likli”.¹⁷ Innsta stafgólfið hefur því verið þiljað af, líklega fyrir húsbændur. Hús þetta er enn

með svipuðu lagi og það hafði þegar það var notað sem baðstofa. Í vesturendanum er útskot til norðurs og voru þar hlaðnar tvennar hlóðir. Um 1880 var gerð renna eftir endilöngum göngunum til þess að fá undirblástur inn í aðal öskustóna. Austurhluti hússins er nefnt *Taðstál*, en þar var geymd þurrkuð kúamykja sem notuð var sem brenni. Taðinu var komið í hús gegnum op innst á norðurþekjunni. Eldhús þetta var notað fyrir eldamennsku allt til 1914, eða þar til Skúli Guðmundsson lét útbúa nýtt eldhús í vesturenda skálans.

Mjög er grindin farin að fúna í þessu húsi og veggir farnir að riðlast. Styrktarstöðir hafa verið settar upp innst í húsinu. Húsið þarf að endurhlaða og sennilega þarf að endurnýja grindina að nokkru. Árið 1957 hrundi þessi bygging, og var hún þá endurbyggð. Hún hefur ekki fengið viðgerð síðan, en veggirnir í göngunum að eldhúsinu voru hins vegar hlaðnir árið 1971. Gangaveggirnir eru þó mjög farnir að ganga inn á ný og þarf að endurhlaða þá.

9. Stóraskemma: Stóraskemma stendur næst búrinu og hefur sennilega borist til Keldna sem arfur þriðju konu Guðmundar Brynjólfssonar, Þuríðar Jónsdóttur árið 1852. Skemman mun hafa verið smíðahús föður hennar, Jóns Sigurðssonar (d. 1850). Á skemmuloftinu héngu löngum skinnakippur, en niðri var geymdur reiðskapur og reiðingur á veturna en meisar á sumrum og ull. Á haustin var slátrað í skemmuni og kropparnir bornir þaðan yfir í kjötskemmuna (Litluskemmu). Skemman var líklega sett þar sem smiðjan hafði staðið.¹⁸ Árið 1994 var Stóraskemma gerð upp, allir veggir hlaðnir og grindin smíðuð ný úr rekavið.
10. Litlaskemma: Litlaskemma gekk upphaflega undir nafninu Austurskemma. Þegar Guðmundur Brynjólfsson giftist annarri konu sinni, Guðrúnu Pálsdóttur Guðmundssonar frá Keldum árið 1833, var Austurskemman

¹⁴ Guðmundur Hannesson; Húsagerð á Íslandi, bls. 9-10.

¹⁵ Hörður Ágústsson; “Fornir húsaviðir á Hólum”, bls. 15-19.

¹⁶ Þf-Skjalasöfn sýslumanna og sveitarstjórna. Rangárvallahreppur. Úttektabók. 1827-1875, bls. 68.

¹⁷ Þf-Skjalasöfn sýslumanna og sveitarstjórna. Rangárvallahreppur. Úttektabók. 1827-1875, bls. 55.

¹⁸ Vigfús Guðmundsson; *Keldur á Rangárvöllum*, bls. 164-165. Þf-Skúli Guðmundsson; Smæsta smátt, bls. 19.



Mynd 4. Keldnabærinn; horft til austurs sumarið 1998. Framkvæmdir standa yfir við skálann og er búið að taka niður suður-vegg hans. Framan við hann er byrjað að grafa snið og þess freistað að finna framhald hinna fornu jarðganga. Austan við bæjardyraþil skálans er búið. Þar taka við fjórir stafnar og er sá fremsti Stóraskemma, þá Litlaskemma, smiðja og hjallur. Ljós. Þór Hjaltalín.

flutt frá Króktúni og sett austur fyrir bæjarhúsin, “óvíst á núverandi stað”¹⁹

Litlaskemma var notuð sem kjötskemma, en “þar var saltkjötið geymt í köggum, vetur og sumar, milli sláturtíma”.²⁰ Litlaskemma var öll uppgerð árið 1994. Allir veggir voru endurhlaðnir, en nýtilegt timbur í grindinni notað áfram ásamt afgangstimbri úr Stóraskemmu.

11. Smiðja: Árið 1833, þegar Guðmundur Brynjólfsson fluttist að Keldum, mun ekkert hús hafa staðið austan við búið nema smiðjan og hefur þá sennilega staðið samföst búrinu þar sem stóraskemma stendur nú. Við fornleifarannsókn sumarið 1997 kom í ljós að smiðjan hefur staðið tiltölulega skamma stund þar sem hún nú er. Áður hefur smiðja staðið undir tröðunum austan við Austurkálgarðinn, undir og framan við Tappa-

kofann. Önnur yngri smiðja, að mati Skúla Guðmundssonar, hefur staðið vestan við núverandi bæjarrönd, “utan húsagarðs – eins og enn er – og vestust húsa þar fyrir og síðar”.²¹ Við fornleifarannsókn sumarið 1998 kom í ljós eldstæði í skálanum þar sem greinilega hefur verið smíðað úr járni. Smiðjan sem nú stendur var gerð upp sumarið 1997. Veggir voru endurhlaðnir og grindin smíðuð ný úr rekavið. Suðurstafninn var einnig endurnýjaður. Stefnt er að því að endurgera smiðjuaflinn þannig að hægt verði að smíða þar og fá þannig sótið og andann í húsið á nýjan leik.

12. Hjallur: Hjallurinn stendur austast í bæjarröndinni og er aldur hans óviss, en hann er sennilega frá árabílinu 1834-1850. Hjallurinn var notaður til þess að þurrka þvott, en einnig var þar geymt ýmislegt sem þótti óvandað,

¹⁹ Þf - Skúli Guðmundsson; Smæsta smátt, bls. 19.

²⁰ Vigfús Guðmundsson; Keldur á Rangárvöllum, bls. 165.

²¹ Þf - Skúli Guðmundsson; Smæsta smátt, bls. 19-21.

²² Þf - Skúli Guðmundsson; Smæsta smátt, bls. 19-21 og 226-227.

kvíagrindur, kláfar o.fl. Hjallurinn tók nokkrum breytingum árið 1891, en þá var ákveðið að loka norðurstafrinum. Þar var sett listapil og hleri á lamir, til þess að halda gegnumtrekknum. Áður hafði verið þar rimlapil líkt og að framan. Fyrir rimlana að framan voru smíðaðir lausir hlerar. Árið 1910 var hjallinum síðan lokað alveg, er Vesturskemmuhurðin var þar sett fyrir dyraopið, en áður hafði engin hurð verið á hjallinum.²² Stafnpil á hjalli, smíðju og Litluskemmu voru endurnýjuð árið 1961 og tók hjallstafninn þá verulegum breytingum. Rimlarnir voru þá fjarlægðir og hjallinum lokað alveg með listapili. Hjallurinn var síðan allur gerður upp sumarið 1997. Voru allir veggir endurhlaðnir og grindin endurnýjuð úr rekaviði. Stafnarnir voru einnig smíðaðir nýir og færðir til þess horfs sem þeir höfðu fyrir viðgerðina 1961.

13. Austurtraðir: Árið 1830 var norðurveggur kirkjugarðsins fyrst hlaðinn, en fyrir þann tíma markaði bæjarveggurinn kirkjugarðinn að norðan. Norðurveggur austurtraðanna náði þá austur til móts við austurkirkjugarðinn, niður að "olnboga". Þar var austurhlíð kirkjugarðsins, nokkuð víðara en það fyrir vestan.²³ Stóraréttin var hlaðin árið 1879, en þá voru traðirnar einnig hlaðnar frá "olnboga" og út að réttinni. Suðurveggur traðanna var þá hlaðinn, frá kirkjugarðinum og út að Austurkálgarði, sem var annar tveggja heimakálgarða sem verið hafa á Keldum frá því skömmu fyrir 1852. Hann var framan við Vesturhesthús og Tappakofa. Þar voru ræktaðar gulrófur og rabarbari fram á miðja þessa öld. Árið 1879 voru traðirnar hlaðnar úr hnaus, en hafa síðan verið marg endurhlaðnar og að nokkru breytt um legu. Nú eru traðarveggirnir gerðir úr fjórum lögum af grjóti, með sniddu á milli.²⁴ Austurtraðirnar þarf að endurhlaða, en sumarið 1998 var byrjað að hlaða upp suðurvegginn, frá olnboga og austur úr.

14. Kirkja: Í *Þorláks sögu helga* segir frá Jóni Loftssyni og áformum hans um að reisa klaustur á Keldum.

Jon Loftz son liet nockru sydar enn þesser adburder giordust smyda kirkiu og claustur hús, fyrer nordann læk ad Kiellidum, og ætladi siálfur i ad ganga, enn onguer vurdu menn til radner. Enn þann tyma er Thorlakur byskup heyrdi pata a þessu, spurdi hann so sem outhandi, huort Jon ætladi klaustur ad reysa ad Kiellidum. honum var sagt ad það væri satt, Hann spurdi enn, huorium ætlar hann helgum manne ad giefu klaustrid, þeir sem hia honum voru, sogdu ad hann ætladi ad giefu klaustrid Johanne baptista, Byskup mællti, það er mikid vundur ef hann vill þiggja það sem hefur þar samann borid, so sem hann hefur til aflad. vurdu þessi ord ey ad lokleysu, þuiat þa er Jon kom til Kiellidna, tok hann bradliga sott, og er ad honum tok ad draga, liet hann leida sig vt j dýr, og er hann sa til kirkiunnar, mællti hann, þar stendur þu kirkia myn, þu harmar mig enn eg harma þig. þottist hann þa sia ad ovys var uppreyst hennar ef hann kalladi fra. Epter dauda hans liet Sæmundur son hans vm syna daga bæta fyrnd kirkiunnar og hvsanna Enn ad honum lidnum, skiptu syner hans kirkiunni og húsunum ofan teknum, sem synum födur arfe, og komu þa framm ord hins heilaga Thorlaks byskups þau sem fyrr voru greind.²⁵

Óvíst er hvort kirkja hafi staðið að Keldum áður en Jón lét reisa klausturhús sín og kirkju "fyrir norðan læk". Það hefur sennilega verið á síðustu æviárum hans, 1193-1197, meðan hann bjó sjálfur á Keldum. Orðalagið að "smíða" kirkju bendir til að hugsanlega hafi verið um timburkirkju að ræða. Elsti varðveitti máldagi kirkjunnar er frá 1332 og er hann þar sagður "gamall máldagi". Þar segir:

*Pæls kirkiu æ keldum a fiordung j heima landi oc halft sandgil.
vj c j busgagni oc eina ku. messuklædi iiij oc ij hokla lausa. ij sloppa. alltarisklædi iiij. med dukum. kantara kapur iiij. oc lectara duk. kaleka ij. tiolld vummuherfis kirkiu. munnlaugar ij oc*

²³ Þf. Skúli Guðmundsson; Smæsta smátt, bls. 19 og 66.

²⁴ Þf. Skúli Guðmundsson; Smæsta smátt, bls. 51-52. og Vigfús Guðmundsson; *Keldur á Rangárvöllum*, bls. 192-193.

²⁵ Þorláks saga, bls. 270.



Mynd 5. "Helgidómshúsið" frá Keldum. Húslaga skrin sett gyltum koparþynnum. Það er prýðilega varðveitt, með myndum, bæði upphleypum og grófum á þekju, hliðum og göflum. Á þekjunni annars vegar er dómsdagsmynd af Kristi og á vegg þar fyrir neðan er krossfestingarmynd. Á þekjunni hinum megin eru myndir af sex postulum og öðrum sex á veggnum fyrir neðan. Merki eru á skrininu eftir steina sem hafa verið greptir í. Neðsti hluti skrinsins er súlnaröð þar sem súlnarnar eru tengdar með bogum. Skrínið er sennilega frá 13. öld. Þjóðminjasafn Dana. (Kirkja og kirkjuskrúð, bls.16). Þjms. L&pr. 1992:278.

*klofa. kertistikur v. oc hin vj. stor med jarn. skrin med helgum domum. krossa iiij oc lecktara. mariuskripter ij. einn glerglugg. peturs skrift oc pals skrift. kluckur vij. xiiij merkur vax oc mork reyksis. glodaker ij. oc elldbera. bakstursjárn. messufatakistu olæsta. merki ij. fonts vmbuning. cccc j bokum.*²⁶

Kirkjan á Keldum var því helguð Páli. Alls eru kunnir verndardyringar 442 kirkna á öllu landinu. Mariukirkjur voru lang flestar, eða tvö hundruð. Næstir komu Pétur postuli og Ólafur konungur helgi með rúmlega sjötíu kirkjur hvor. Fimm kirkjur á landinu voru helgaðar Páli postula.²⁷ Helgiskrin þad sem hér er nefnt í máldaganum mun sennilega vera "helgidómshús" þad sem Geir biskup fékk Pál á Keldum til að afhenda Fornleifafélaginu í Kaupmannahöfn árið 1823. Það er nú varðveitt á Þjóðminjasafni Dana. Í máldaganum er talinn einn glergluggi, en sennilega munu fyrstu glergluggarnir sem sögur fara af á Íslandi hafa borist með Páli biskupi Jónssyni frá Danmörku árið 1195. "Hann hafði þá vt med sier ij. glerglugga ad færa kyrkiunne j Skála hollti, festar meyiú

sinne andligri".²⁸ Guðmundur Hannesson segir að "framan af voru slíkir gluggar gerðir úr smáglerjum, greiftum í blý, og er getið um kringlóttu glugga, glugga með litum og jafnvel líkneskjum... Dýrir voru þessir gluggar og komu almenningi lítt að gagni, en víða voru þeir keyptir í kirkjur sem nokkurs konar skrautgripir, oftast einn eða tveir gluggar og síðar fleiri".²⁹ Í tíð Óla Svarthöfðasonar, prófests og officialis í Odda (d.1402), mun kirkjan hafa verið endurreist. Óli var af Oddaverjaætt, 5. liður frá Jóni Loftssyni, og mun hafa átt Keldur eða haft forræði staðarins um sautján ára skeið eða lengur. Samkvæmt máldaga frá 1397 var kirkja þessi metin á 20 hundruð. Kirkjan átti þá torfskurð í Strandarjörð neðri og hellunám í Kirkjubæjarjörð eystri og gæti þad bent til þess að um torfkirkju hafi verið að ræða. Engar sögur fara síðan af kirkjunni þar til Gissur biskup Einarsson kvittar fyrir kirkjureikningskap á Keldum árið 1547, en þá hafði Björn bóndi Þorleifsson byggt upp kirkjuna að nýju og var vandað nokkuð til verksins. Brynjólfur biskup Sveinsson hóf að skrifa hjá sér upplýsingar ýmsar um kirkjur

²⁶ Íslenskt Fornbréfasafn II, 693.

²⁷ Guðbrandur Jónsson; Dómkirkjan á Hólum, bls. 28 og 56-57.

²⁸ Páls saga, bls. 414.

²⁹ Guðmundur Hannesson; Húsagerð á Íslandi, bls. 145.

biskupsdæmis síns með vísitasíum, en árið 1641 vísiteraði hann Keldnakirkju.³⁰ Tuttugu bæir heyrðu þá til Keldnasóknar. Torfi bóndi Eíríksson hafði þá nýlega lokið við að endurbyggja kirkjuna. Á kirkjuhurðinni var koparhringurinn góði sem Guðmundur Brynjólfsson keypti á uppboði eftir að þáverandi kirkja var rifin og núverandi kirkja byggð árið 1875. Sú þjóðsaga er við lýði á Keldum að hringur þessi komi úr haugi Ingjalds, sem mun vera á svokölluðum kirkjuhól vestan við bæinn.³¹ Koparhringur þessi prýðir nú skálahurðina. Finnur biskup Jónsson vísiteraði kirkjuna árið 1768, en þá hafði Keldnakirkja eignast koparstjaka mikinn sem barst kirkjunni eftir að Leirubakkakirkja var aflögð árið 1765. Vigfús Guðmundsson telur að Magnús Bjarnason (d. 1657) frá Leirubakka hafi látið smíða gripinn.³² Stjaki þessi er enn í kirkjunni. Kirkja Torfa, sem Brynjólfur biskup lýsti árið 1641, stóð í meira en eina og hálfu öld, en hún var ekki rifin fyrr en árið 1797. Fimm árum fyrr hafði kirkjan eignast altaristöfluna sem enn stendur í kirkjunni og er eftir Ámunda Jónsson smið og málara. Myndefnið er síðasta kvöldmáltíðin. Tómas Sæmundsson prófastur ákvað að færa skyldi predikunarstólinn þar sem taflan stóð, þannig að hann stæði að nokkru á altarinu. Taflan var því seld árið 1841 fyrir 11 rd. til Háfskirkju, en þaðan var hún flutt í Þykkvabæinn. Loks barst hún aftur til Keldna í lok 6. áratugar þessarar aldar. Í vísitasíu prófasts frá 1836 segir um Keldnakirkju að niðurgengt hafi verið í hana um 2-3 tröppur vegna sandágangs.³³ Árið 1838 var kirkjan orðin útlifuð og hafði þá aðeins staðið í fjörtíu ár. Gunnarsholt var þá komið í eyði og kirkjan þar aflögð og sóknin lögð til Keldnasóknar árið 1837. Það var því þörf á stærra guðshúsi. Guðmundur Brynjólfsson byggði þá tímurkirkju sem entist illa og var hún að falli komin árið 1874. Árið 1875 var því ráðist í byggingu nýrrar kirkju og er það sú kirkja sem nú stendur. Ásmundur Jónsson prófastur

í Odda vísiteraði Keldnakirkju þann 15. september árið 1876 og lýsir þá kirkjunni á þessa leið (í styttingu og endursögn):

Byggð 1875, öll af tvöföldu timbri, með krossbundinni, öflugri grind. Stendur á grundmúr úr góðu grjóti, sem er grafinn rúma alin niður og tekur alin yfir jörð. Lengd kirkjunnar 10 stafgólf, 15 ½ alin inni, vídd milli þilja 8 álnir 7 þumlungar, hæð af gólfi undir loft 4 ½ alin. Trébitar 5 undir loftinu (5 stafgólf) og 1 járnbiti innar í miðju (með skrúfuðum róm að járnplötum, utan veggja). Skarsúð yfir loftinu, en (súð og) hvelving innar, með þili, hurð á hjörum við loftið og geymsluloft á skambbitum. Á loftinu eru 6 stólar og grindverk með renndum rimum að framan, stígi fódraður að lofti í suðvesturhorni. Kórinn 4 stafgólf með föstum bekkjum í kring og lausabekkjum tveimur, með bríkum og bakslám. Sömmuleiðis 15 (8+7) bekkir í framkirkjunni og 2 við dyrabil. Gangur milli stólbrika 1 ¾ alin. Milli kórs og kirkju er lágt þil með lágum, renndum rimum („pílárum“) yfir. Prédikunarstóll, áttstrendur, með vængjahurð er að sunnanverðu, utan við kórþilið. Altari nýtt og gráðan, með renndum rimum. Gluggar með pósti og 6 rúðum stórum á hvorri hlið og eins á vesturþili yfir lofti. Turn er fremst á kirkjunni, ferhyrndur, mjórri um 2/3 að ofanverðu, hurð þar á vesturhlið, með ártali 1875 þar undir. Þakið í sama hlutfalli og með listum, eins og á kirkjunni. Listabil líka utan á veggjum og hlerar þar fyrir öllum gluggum. Öll er kirkjan tjörguð utan nema vængjahurðir útidyra. Umgerð þeirra og glugganna er ljósmálað. Að innan er kirkjan máluð öll með mörgum litum, ljósleitri hvelving og veggjum, dekkri stólum og skærari litum nokkrum á grindverkum. Altari, gráður og prédikunarstóll er með “marmoreruðum” lit, alla vega prýðilega blönduðum. Yfir höfuð er í alla staði smíði og litur kirkjunnar sérlega fagurt og vandað. ... Turninn er sterklega krossbundinn og rambhöld öflug fyrir klukkurnar 3. Trékross er á turninum og af toppi hans 32 fet niður að grundmúr.³⁴

Kirkjan hefur tekið nokkrum breytingum síðan Ásmundur lýsti henni. Árið 1898 var turn, þak og suðurhlið kirkjunnar klætt bárujárni og var það gert sérstaklega til varnar

³⁰ Þf – Biskupsskjalasafn, A II 7. Vísitaziubók um Sunnlendingafjórðung, nema Þverárþing sunnan Hvítár, 1641-1670, bls. 53-56.

³¹ Helga Skúladóttir; “Örnefni á Keldum á Rangárvöllum”, bls. 132.

³² Vigfús Guðmundsson; *Keldur á Rangárvöllum*, bls. 134.

³³ Þf - Skjalasafn prófasta, V1 A6, Vísitaziubók 1836-1847.

³⁴ Þf - Skjalasafn prófasta, V1 A9, Vísitaziu- og reikningabók 1872-1889. Vigfús Guðmundsson; *Keldur á Rangárvöllum*, bls. 143-144.



Mynd 6. Keldnakirkja böðuð í kvöldsólinni haustið 1998. Ráðgert er að gera við kirkjuna sumarið 1999. Ljósm. Þór Hjaltalín.


sandinum. Áður þurfti að bika kirkjuna árlega vegna sandfoks. Jarðvegsþykknun hefur einnig verið þar mjög hröð og nauðsynlegt hefur verið að stinga frá grunni kirkjunnar svo jörðin næði ekki í timbrið. Kirkjan var síðan alklædd járni að utan árið 1917.

Keldnakirkja var bændakirkja allt til ársins 1947, að söfnuðurinn tók að sér umsjón hennar. Kirkjan er nú mjög farin að láta á sjá en fyrirhugaðar eru viðgerðir á henni sumarið 1999 undir umsjón Húsafriðunarnefndar ríkisins.

15. Fjárrétt: Fjárréttin austan við bæjarhúsin er hin svokallaða Stórarétt, og var hún hlaðin árið 1879 og tekur um 700 fjár. Þá var þar fyrir minni rétt, Austurrétt, sem var stækkuð. Hún lá með öllum vestur heygarði, sem nú er austurgarður Stórréttar. Austurrétt var aflöng og tók um 250 fjár. Á miðjum vesturvegg hennar var op eða dyr. Beint á móti Austurréttinni um 15-20 metrum vestar stóð Vesturréttin og hafði dyr á móti hinni,

og rúmaði um 400 fjár. Réttir þessar segir Skúli Guðmundsson hafa staðið “frá ómunatíð”.³⁵ Það þurfti stórar réttir á Keldum til þess að rúma allt það fé sem safnaðist af hinu stóra landflæmi jarðarinnar á haustin. Áður en Austurréttin var stækkuð varð að reka þrisvar inn í réttirnar til þess að flokka féð og var það oft yfir 2000 fjár þegar búið var að draga heimaféð úr þriðju umferðinni. Skúli Guðmundsson lýsir þessu svona; “Þegar fylltar voru báðar réttir, var afgangurinn rekinn fram að læknum á nefið sem nú er “tröðin” og setið þar yfir því, meðan heimaféð var dregið út úr réttunum. Þegar því var lokið, var heimaféð rekið “upp fyrir”, eða “upp fyrir hraun”, þ.e. upp í Knæfhólaheiði, Seltungur o.sv.frv.... Þá var hleypt út óskilafénu og rekið fram í Tanga. Þar var setið yfir því fyrir ofan og utan lækja. Þekktum við yngri börnin það hlutverk, einnig uppreksturinn. Þá var byrjað á nýjan leik og svo í 3 skipti. Síðast var

³⁵ Þf - Skúli Guðmundsson; Smæsta smátt, bls. 38.



Mynd 7. Timburgrind fjóssins. Grind þessi er af sömu gerð og elstu skálar höfðu á miðöldum. Uppdráttur: Grétar Markússon.

úrgangurinn rekinn inn, tóku þá nágrannar til að draga út fé sitt. Voru venjulega 2 frá hverjum þessara bæja: Tungu, Stokkalæk, Reyðarvatni, Dagverðarnesi og Árbæ. Skorti þá ekki fólk, því allir, sem að sjálfsögðu hjálpuðu til, sumir með mestu atorku, til að flýta fyrir greiðslunni”.³⁶ Stórarétt er eign Skúla Lýðssonar, bónda á Keldum. Réttin var “endurbyggð” á vegum Þjóðminjasafns árið 1976. Réttin er í sæmilegu ástandi, en hrunið hefur úr suðvesturhorni hennar og á kafla er vesturveggurinn að falla inn. Þessar hleðslur þarf að gera við.

16. Vesturhesthús: Útihúsin í Fjóshólnum eru sum hver ævagömul og hefur Vesturhesthúsið ljósast “verið lengi til”, eins og Skúli Guðmundsson orðar það. Hús þetta var notað sem reiðhestahús og rúmaði 6-7 hesta. Árið 1977 fengu hesthúsin nokkra viðgerð, en hús þetta er illa farið og er þekjan hrugin niður. Þetta hús þarf að taka niður og endurhlaða.
17. Tappakofi: Tappakofinn (merkt trippahús á korti) er eitt þeirra fornu húsa sem enn standa

³⁶ Þf. - Skúli Guðmundsson; Smæsta smátt, bls. 37-38.

á fjóshólnum. Húsið var notað fyrir naut en stundum fyrir folöld, sérstaklega á síðari tímum. Húsið rúmaði 2 tudda eða 2-3 folöld. Skúli Guðmundsson segir að smiðja hafi staðið þarna í fyrndinni, áður en Tappakofinn og fjósið voru reist. Á mæniás kofans er að finna ártalið 1896, en þá var hann settur þar nýr eftir Suðurlandsskjálftann. Eftir jarðskjálftana árið 1912 var kofinn tekinn niður til grunna og allur endurgerður. Tappakofinn er eign Skúla Lýðssonar. Hús þetta þarf að taka niður og endurhlaða.

18. Fjós: Fjósið á Keldum er ekki síst forvitnilegt vegna timburgrindarinnar sem heldur því uppi, en þar er um að ræða svokallað þríása hús. Tvær raðir innstafa eru eftir endilöngu húsinu. Ofan á þeim liggja brúnásar sem skorðaðir eru með vaglbita. Lóðrétt á vaglinum er lítil stoð, dvergur, sem heldur uppi mæniásnum (sjá mynd). Grindargerð þessa má rekja aftur í grúa forneskju og hefur ef til vill verið algengasta grindargerðin á þjóðveldisöld. Við rannsókn á Keldna-skálanum sumarið 1998 mátti sjá ummerki innstafa í elstu gólflögum skálans, sem bendir til að á honum hafi verið ásapak. Nú er



Mynd 8. Fjóshóllinn austan við bæjarhúsin, sumarið 1998. Fremst er Vesturhesthús. Til hægri við það má sjá í eitt horn Stóruvéttar. Á bak við hesthúsið eru Tappakofi og fjós (hæsta þústin), en dyr þessara húsa snúa í suður. Fjær má sjá hlöðuna, bárujárnsklædda að hluta. Ljós. Þór Hjaltalín.

sperruþak á skálanum, sem bæði er yngri og fullkornari gerð en ásapökin.³⁷ Í Vesturhesthúsi má sjá hvernig sperru og ásagerð hefur verið blandað saman á skemmtilegan hátt. Þar sitja dvergar á þvertrjám og halda uppi mæniásnum, en auk þess eru sperrur milli mænis og bita við stoðirnar. Ofan á þeim eru raftar. Fjósið á Keldum er orðin forn bygging og hefur lítið breyst frá elstu úttektinni frá 1817. Þessi elsta grindargerð, innstafir með ásapaki, virðist varðveitast einna helst í útihúsum. Sperruþök hafa menn hins vegar notað á íbúðarhús og aðrar vandaðar byggingar í auknum mæli þegar líða tók á síðmiðaldir. Árið 1887 voru settir gluggar tveir á suðurstafninn við dyrnar, sem voru endurnýjaðir árið 1908 og þá settir eikargluggar. Aldamótaárið voru flóraðir átta básar í fjósinu, og var þá notuð steinsteypa. Austan við fjósið var síðan steipt súr-

heyshlaða, en norðan við fjósið, og meðfram allri réttinni, voru heydesar og síðar hlaða. Árið 1905 voru fjóströppurnar hlaðnar upp í heygarðinn.³⁸ Fjósið þarf mikillar aðgerðar við. Veggi þarf að endurhlaða, endurbæta grindina og endurnýja þekju.


19. Hlaða: Á bak við Hólhesthús segir Skúli Guðmundsson að verið hafi niðurgrafin hlaða sem muni vera frá því í “gamla daga”. Um 1850 var önnur hlaða byggð sem staðsett var nokkuð vestan við “Tröðina”. Var hún “15 fet í kross, sirkil mynduð, prýðilega hlaðin”. Í Króktúni var síðan nokkuð stór hlaða byggð árið 1892 og var þá gamla jarðarbaðstofan, sem þar var, rifin ásamt hinum löngu og lágu dyragöngum sem að henni lágu. Stóra heimahlaðan, sem enn stendur, var síðan byggð sjö árum síðar, eða árið 1899. Skúli lýsir þessu svona:

³⁷ Hörður Ágústsson; Íslenski torfbærinn, bls. 314.

³⁸ ÞÍ - Skúli Guðmundsson; Smæsta smátt, bls. 23. Vigfús Guðmundsson; Keldur á Rangárvöllum, bls. 168 og 170-171.



Mynd 9. Hvelving jarðganganna var nokkuð heil á um 10 metra kafla næst skálanum. Á um 2 ½- 3 metra kafla stóð hún alveg uppi. Hér er horft suður eftir hinum best varðveittu göngum. Ljós. Þór Hjaltalín.



18.-22 júlí setti Hjörtur þakið, grind, móleður, sperrur, langbönd, járn. Ég smíðaði hlera og hurð. Járníð, plötur 3ja álna, kostuðu þá kr. 1,50 hver í Ingólfi. Það ár komst það lægst og billegast þar, víst austan fjalls. – Sperrur voru á hverjum þrem álnum, flestar úr rekplönkum frá 1893. 1 forlata rekatrésperra úr Múlakirkju.³⁹


Hlaða þessi er eign Skúla Lýðssonar. Hún þarfnast standsetningar.

20. Hólhesthús: Hólhesthúsið (merkt Gamla fjós á korti), er eitt þeirra gömlu húsa sem enn standa uppi austur á Fjóshól. Hesthús þetta var reist ofan í fornri fjóstóft. Í fyrndinni mun hafa staðið heyhlaða norðan við hesthúsið, sennilega þar sem hlaðan stendur nú, og haugstæði fyrir framan hólinn, í laut sem þá

var, en er nú orðin full. Árið 1900 var hesthúsið tekið niður til grunna og endurgert, hækkað, og settur nýr flór úr hellugrjóti úr Rangá. Timbur var hins vegar allt hið sama. Byggingu þessa þarf nú að taka niður og endurhlaða. Húsið er eign Skúla Lýðssonar.

21. Jarðgöng: Í fornsögum er þess stundum getið að menn ættu jarðgöng á bæ sínum til þess að flýja í ef ófrið bar að höndum. Litlar minjar hafa fundist um slík mannvirki en þó hafa farið fram fornleifarannsóknir á jarðgöngum í Reykholti og Skálholti. Árið 1932 var grafið fyrir þró sunnan við vesturenda skálans á Keldum. Er komið var 1-2 metra niður urðu fyrir jarðgöng. Skúli Guðmundsson lýsir því þannig í dagbók sinni að göngin væru “opin nærri heim að skálaglugga og þó nokkuð fram en þar lág og fallin, en mjög lítið næst húsi, þó undir tröðum væri og gjörvallri umferð allt

³⁹ Þf - Skúli Guðmundsson; Smæsta smátt, bls. 24-25.



Mynd 10. Jarðgangagerðin hefur verið mikið verk þegar þau voru grafin á sínum tíma. Sennilega hefur gröfturinn hafist frá bakkanum í átt að skálanum. Keldnalækurinn hefur þá tekið við moldinni. Af uppdrættinum má sjá hvernig göngin tengjast skálanum. Skálagólfíð hefur þá verið um 140 cm neðar en núverandi yfirborð. Uppdrátturinn sýnir hæð og breidd ganganna eins og þau voru endurbætt. Uppdráttur: Hjörleifur Stefánsson.

árið”.⁴⁰ Göngin voru síðan endurgerð að stórum hluta, hlaðin upp, settar stoðir og reft yfir með járn og torfi, en upprunalega höfðu þau verið grafin beint í gegnum jarðveginn án nokkurs stuðnings, rúmlega 1 metri á hæð og vidd.

Ákveðið var að rannsaka þessi fornu jarðgöng sumarið 1998 og freista þess að sjá hvernig þau tengdust skálanum og athuga hvort hugsanlega mætti finna einhverjar leifar af hinum upprunalegu göngum. Einnig stóðu vonir til að aldursgreina mætti göngin út frá jarðlögum og með því að athuga hvaða gólfagi skálans göngin tilheyrðu. Þann 18. maí var hafist handa við að taka niður suðurvegg skálans. Þegar tekin hafði verið torfsneið neðan við glugga kom í ljós djúp

hola niður undir vegginn. Jarðgöngin komu síðan betur í ljós. Þann 19. maí mátti sjá inn eftir göngunum. Næst skálaveggnum höfðu verið settar stoðir og járnplata yfir, þegar átt var við þau á fjórða áratugnum. Á kafla milli þróarinnar og skálans voru þau hins vegar heil og óhreyfð. Skúli Guðmundsson segir frá því, að þegar göngin fundust við þróargróftinn árið 1932, þá hafi þau verið nokkuð heil á um 10 metra kafla. Í bestu ástandi munu þau hafa verið næst skálanum en meira fallin eftir því sem sunnar dró. Þróarsmiðirnir reyndu að grafa upp úr göngunum og rekja slóð þeirra í suðurátt, en lentu fljótlega í ógöngum. Bæði var niðdimmt þarna niðri og skilin voru ógreinileg. Skúli segir síðan frá því að hætt hafi verið að grafa og Matthías Þórðarson, þjóðminjavörður, kallaður til. Matthías kom síðan að Keldum og miðaði út stefnu beint frá

⁴⁰ ÞÍ - Skúli Guðmundsson; Smæsta smátt, bls. 262.



Mynd 11. Þann 13. ágúst var slegið upp mótum fyrir moldarsteypuhvelfinguna sunnan við þró. Grafnir höfðu verið eins metra stallar beggja vegna við gangaveggina þar sem hvelfingin skyldi hvíla. Haraldur, Oddur Bjarni og Bergsteinn eru önnur kafnir við að hlaða upp Matthíasargöngin. Fjær sést í Lambhúsin sunnan við læk. Ljós. Þór Hjaltalín.

bakkanum og voru göngin grafin þannig. Við þetta myndaðist beygja í göngunum, þar sem þeir höfðu áður verið á villigötum. Sá hluti var síðan hlaðin upp, settar stóðir og reft yfir með járn, alveg að þrónni. Skúli taldi að hin raunverulegu göng hefðu hugsanlega legið nokkru vestar en þau voru grafin. Þegar farið var að rannsaka göngin reyndist þessi tilgáta Skúla vera rétt. Með aðstoð fornleifafræðinga tókst að finna upphaflegu göngin, enda þótt þau hefðu verið saman fallin. Göngin voru grafin út, og reyndust þau vera töluvert vestar. Ákveðið var að endurgera bæði fornu göngin og Matthíasargöngin. Hvelfing ganganna var steipt á ný með moldarsteypu, en veggirnir voru látnir halda sér. Matthíasargöngin voru endurhlaðin og reft yfir þau með reka. Hin endurgerðu göng eru höfð mun hærri en hin upprunalegu. Hæð endurgerðu forn-ganganna er á bilinu 190-220 cm, en Matthíasargöngin voru höfð 180 cm á hæð. Ferðamenn geta því gengið inn að hinum upprunalegu göngum, sem aðeins eru um 120 cm á hæð og horft inn eftir þeim í gegnum

glerþil. Gangagólfíð tengist skálagólfi um 140 cm neðan við núverandi gólflöt, en þar er neðsta gólflag skálans, sem sennilega er frá 12. – 13. öld. Suðurveggur skálans var hlaðinn niður á þetta gólflag og við gangamunnann var hlaðin hvelfing inn göngin.

Ef hér er um flóttagöng að ræða, sem teljast verður sennilegt, hljóta þau að hafa verið grafin á ófriðartíma. Það er óttinn sem rekur menn í slíkar stórfamkvæmdir sem þessi jarðgangagerð var. Á búskaparárum þeirra Hálfðánar Sæmundarsonar og Steinvarar Sighvatsdóttur, á árunum 1223-1265, hefur verið ærin ástæða til þess að grafa göng sem þessi. Þau fóru ekki varhluta af ófriði Sturlungaaldar. Skömmu fyrir Örlygstaðabardaga árið 1238 kom Kolbeinn ungi Arnórsson, mágur Hálfðánar, og bað hann liðveislu. Þegar Hálfðán neitaði hélt Kolbeinn honum í stofufangelsi á eigin heimili og settist þar upp með hundrað manna flokk um nóttina og tók þar traustataki vopn öll og hesta. Þannig segir frá í *Sturlungu*:



Mynd 12. Horft í suðurátt út úr göngunum í október 1998. Til vinstri eru Matthíasargöngin, hlaðin úr grjóti. Hægra megin eru hin moldarsteyptu göng. Eftir er að snyrta hvelfinguna til þess að afmá ummerki mótatimburs. Ljós. Þór Hjaltalín.

Kolbeinn ungi dró lið saman um Skagafjörð og öll héruð vestur þaðan til Miðfjarðar. En er hann kom suður um Kjöl reið hann frá liðinu með hundrað manna suður til Keldna og bað Hálfдан veita sér lið með allan sinn afla. En er hann vildi það eigi gerði hann Hálfдан handtekinn og tók til óxar er hann hélt á og var eigi laus fyrri en fleiri tóku til. Hálfдан hélt frá sér hendinni og kváðu þeir örninn fast hremmt hafa. Voru þeir Vilhjálmur bræður reknir í stofu og allir heimamenn. Var Kolbeinn þar um nóttina með allan flokkinn og lét taka allan vopnaafli þeirra bræðra og hesta.⁴¹

Þórður kakali Sighvatsson bað einnig systur sína og mág um liðveislu í deilu hans við Kolbein unga og Gissur Þorvaldsson, enda hefur munað um liðveislu þeirra Keldnahjóna. Það hefur verið hættuspil að vera af Sturlungaætt, líkt og Steinvör var, og jafnframt vera í slíku nábyli við Gissur, höfðingja Haukdæla.

⁴¹ Sturlunga saga, bls. 402.

23. Lambhús: Árið 1883 voru hin svokölluðu Framtúnslambhús byggð og eru þetta tvö 25 lamba hús. Ekki er vitað hvenær lambhús fyrst voru byggð á Keldum, en löngum voru þau höfð langt frá bænum, jötulaus og hurðarlaus. Þannig hefur það verið, allt fram á miðja 19. öld, að lömbunum var “gefið á gadd við hús eða skjólgarða”.

Tvö lambhús voru byggð norðan við Króktún eftir að það lagðist í eyði árið 1839. Áratug síðar, um 1850, byggði Guðmundur Brynjólfsson þrjú litil hús á Framtúnsnefinu, “milli lækjarins og vatnsbóls gamla Keldnabæjarins”.⁴² Vorið 1882 fór allt umhverfi þessara húsa undir svartan sand, en túnhorninu hlífði hins vegar lækurinn. Árin 1882-83 voru hús þessi því rifin og brúkuð í hin nýju Framtúnslambhús, sem enn standa. Í þessi hús var einnig sótt mikið grjót austur í hraunið. Haustið áður var heppilegu hleðslugrjóti hlaðið í vörður og síðan sótt á dráttarsleða sem hesti var beitt fyrir.

⁴² Vigfús Guðmundsson; *Keldur á Rangárvöllum*, bls. 171.



Mynd 13. "Tröðin" er eitt þeirra mannvirkja sem heyra til útihúsum á Keldum og stefnt er að viðgerðum á. Horft til norðvesturs sumarið 1998. Ljós. Þór Hjaltalín.

Lambhúsin voru byggð í gamla tótt og taldi Skúli Guðmundsson þau vera "yngri en fornaldarmannvirki".⁴³

Lambhúsin fengu rækilega viðgerð árið 1963 og aftur árið 1995. Sumarið 1998 var gert við stafnana á húsunum. Auk þess þarf að grafa frárennslisskurð frá húsunum því gólfíð stendur nokkuð lægra en jarðvegurinn fyrir utan og er hætt við að vatn safnist þar fyrir. Einnig þarf að smíða hlera fyrir dyraopin, en þannig voru þau meðan húsin voru í notkun.⁴⁴ Þannig verður einnig komið í veg fyrir að það skafi inn í húsin, en skaflar eru lengi að bráðna þarna inni á vorin.

23. "Tröðin": Hesthús hafa verið af ýmsu tagi. Orðið hrossatröð er gamalt í málinu. Hross voru stundum tröðuð um nætur, innan girðingar, til verndar slægjulöndum. Tröð var einnig notað um hesthús, stundum með opnu ræfri að einhverju leyti, en þannig var Tröðin á Keldum. Tröðin var byggð árið 1882 fyrir 6-

7 hross og var "gert yfir horn í kring um allt á veggjarpalla með hellu af veggjum, "tröð"⁴⁵ og var þannig stórt op í miðju. Timbrið var sótt í Hraunborgirnar, sem þá voru rifnar. Árið 1915 var Tröðinni breytt nokkuð. Þá var hún hækkuð og gerð upp eins og Hólhesthús. Er timburverkið með þeim hætti að tveir þverbitar liggja veggja á milli (á stöðum við vesturvegg Hólhesthúss). Ofan á þeim eru tveir ásar það nærri veggjunum að leggja má hellur af veggnum ofan á þá. Ofan á ásunum er næsti þverbiti, sem heldur uppi næstu ásaröð. Ofan á þessari ásaröð er þriðji og efsti þverbitinn og heldur hann uppi mæniásnum. Hér er því um að ræða fimm ása og hvíla ásarnir á þremur þverbitum. Milli þverbita eru dvergar í miðjunni. Þetta sama ár var gatið stóra í miðjunni minnkað og breytt í lítið bagga innfallsgat.⁴⁶

Tröðin er hrunin að hluta og veggir eru mjög farnir að ganga inn. Húsið þarf að endurhlaða. Húsið er eign Skúla Lýðssonar.

⁴³ Þf - Skúli Guðmundsson; Smæsta smátt, bls. 16.

⁴⁴ Skúli Lýðsson, viðtal þann 21. maí 1998.

⁴⁵ Þf - Skúli Guðmundsson; Smæsta smátt, bls. 17.

⁴⁶ Þf - Skúli Guðmundsson; Smæsta smátt, bls. 18.



Mynd 14. Keldnabærinn skömmu fyrir síðustu aldamót. Athygli vekur hin mikla hæð á húsagarðinum. Við norðurstafn baðstofunnar er kamar sem hrundi í jarðskjálfta árið 1912. Framstafn kirkjunnar og norðurhlið eru með listapili, bárujarnslaus. Til hægri eru lambhúsin. Ljós. Ókunnur. ÞJMS. M6 30.

24. Húsagarður: Frásagnir Skúla Guðmundssonar af viðgerðum og framkvæmdum við húsagarðinn ná aftur til ársins 1888, en þá hlóð hann garðin austan við hjallinn og norður að “olnboga”. Jafnan segist hann hafa hlaðið úr grjóti og sniddu. Það sem vekur mesta athygli er hæð sú sem á garðinum hefur verið. Þegar garðurinn var hlaðinn á árunum 1920-1923 voru í honum sex lög af hvoru, sniddu og grjóti. Árið 1891 þegar Vestur-skemman var tekin upp og sameinuð útielðhúsinu “voru settar nýjar dyr vestan á móti, innst í skemmu og hlaðið þar um kring húsag. með kömpum”. Þ.e. húsagarðurinn hefur myndað vesturvegg skemmunnar og voru þar settar dyr innarlega í skemmunn. Skemman var notuð undir hrúta og kallar Skúli dyr þessar hrútaskemmudyr. Þegar grafið var fyrir vegg þessum var komið niður á smiðjutóft forna sem þar er vestan við húsin. Árið 1896 þegar hlaðið var norðan við hrútaskemmudyr voru hlaðnar þar tröppur eða “tátillar”, upp á garðinn. Hlið var sett á norður húsagarðinn árið 1901 svo aka mætti vögnum þar inn. “Síðan allt mikið léttara”, segir Skúli.⁴⁷ Innkeyrsla þessi er enn í garðinum austarlega.

Húsagarðurinn er sokkinn mjög, og er langt frá þeirri hæð sem hann áður hafði. Áætlað er að endurhlaða garðinn í fulla hæð.

25. Kálgarðar: Árið 1787 voru 10 kálgarðar á Rangárvöllum en enginn á Keldum. Þegar Þuríður Jónsdóttir, þriðja kona Guðmundar Brynjólfssonar, kom að Keldum árið 1852, voru þar tveir kálgarðar. Segir Vigfús Guðmundsson þá hafa verið jafn stóra og á sama stað og þeir voru árið 1948.⁴⁸ Annar þeirra var á hlaðinu “fram undir vesturhluta bæjarrandar”. Hinn var austur á fjóshól, “fram undan hesthúsum, vestan við fjós”. Til þess að garðarnir fylltust ekki af vatni voru höfð á þeim vatnsaugu. Á vesturkálgarði var augað sunnan í garðinum á móti öskuhaugi. Árið 1886 raðaði Skúli Guðmundsson 2600-2700 lambaleggjum í kálgarðsvegginn en fyrrum voru þeir notaðir sem sauðfé á búum barnanna á Keldum. Skúli segir þannig frá:

Var það sauðfé okkar í Tanganum, sem við 3 eldri bræður stunduðum mikið. Húsin sporuð í jörð 2-3 þumlunga á viðeigandi stað og halla, á ýmsum stöðum, úti í landareign hvers fyrir sig, eftir að búinu var skipt í þrennt, um 1870 eða svo. Þeir fluttu til útsuðurs, Sigurður lengst, ég sat eftir. Flokkuðum féð í hús að vetri, ær sér (framfætur), suði sér (afturfætur), hrútar gildastir og lömb, smæstu leggirnir beggja blands, heim við bæi, túni. Rákum allt til afréttar á vor og létum lamb með hverri á (margar með tveimur), suðaustur í Tanganum (þá að gróa upp), gott fyrir fé. Rákum allt til rétta á hausti, sem stóðu með þverhandar hleðslu, og 12 dilkum fyrir ofan bæi, í fögrum halla í bríkinni að slægju og smára. Afrétt voru 3 áfangar, dagleiðir. Bólið var í miðstaðnum (settum stein með bóli í á grasið, þúfubarð. Drógum allt í sundur eftir marki og létum inn á vetri í hin snotru hús, sem nær lágrétt gólf höfðu á jörð út, hallinn gerði veggina og kampana (3-4 fingra hæð). Einkum vorum við Jón natnir við, þegar aðrir hvíldu sig (helgum og smástundum). ... Ein borg var steinhlaðinn sirkill úr mjög tilvöldu grjóti, sauðaborg, þverhandarhá, 2-3 lög.⁴⁹

Leggjunum var raðað við hurð í kálgarðinum, sem var um 1 ¼ alin á hæð og breidd. Þegar Skúli skrifaði þetta árið 1928 voru leggirnir mjög farnir að fúna og “ekki lengur bæjar prýði, sem mörgum þótti”. Leifar nokkurra þessara leggja fundust við rannsókn jarðganganna á Keldum sumarið 1998, þegar grafið var snið sunnan við kamarspróna. Árið 1893, þegar Vesturkálgarður var hlaðinn að norðan hafði Skúli 4 lög af grjóti og sniddu á milli grjótlaga. Áður höfðu verið þrjú grjótlög. Suðurveggurinn var einnig hlaðinn þetta sama ár og segir Skúli hann hafa verið hlaðinn einungis úr sniddu. Árið 1918 var garðurinn hlaðinn á ný og voru þá höfð í honum 5 lög af grjóti. Í Austurkálgarði voru einnig sett 5 grjótlög þegar hann var hlaðinn árið 1927 en áður höfðu verið þar 4 lög. Vesturgarður var um 180 m² að flatarmáli en Austurkálgarður var nokkru minni. Í báðum gördunum voru ræktaðar gulrófur og rabarbari. Austurkálgarður var sléttaður árið 1949 og sama ár var Vesturkálgarðurinn stytur mjög, um nærri

⁴⁷ Þf - Skúli Guðmundsson; Smæsta smátt, bls. 49-50.

⁴⁸ Vigfús Guðmundsson; *Keldur á Rangárvöllum*, bls. 192-193.

⁴⁹ Þf - Skúli Guðmundsson; Smæsta smátt, bls. 46.

helming, að vestanverðu og við það hvarf hlið á norðurvegg hans. Árið 1977 var hann loks endanlega fjarlægður og sú skýring gefin að hann “safnaði snjó að bænum og var til mikilla erfiðleika þegar jarða þurfti, því að sunnið milli hans og bæjar var orðið mjög mjótt”⁵⁰ Hugmyndir hafa verið uppi um að endurreisa Vesturkálgarðinn.

Framkvæmdir á Keldum

Sumarið 1997 var mannvirkjum á Keldum skipt í þrjú flokka eftir ástandi þeirra.

1. flokkur: Hús sem þegar hafa fengið viðgerð og eru í góðu ástandi. Þetta eru Stóraskemma og Litlaskemma (gerð upp 1994), lambhúsin (gerð upp 1995), smiðja, hjallur, Vesturtraðir og Nýja hús (öll gerð upp 1997). Sumarið 1998 fengu svo baðstofan, skálinn út að bæjardyrum og jarðgöngin viðgerð.
2. flokkur: Hús sem þarfnast töluverðrar lagfæringar án þess að nauðsynlegt sé að taka þau niður að öllu leyti. Til þessa flokks teljast nýja eldhús frá 1914 og fjárréttin.
3. flokkur: Til þessa flokks heyra þau hús sem þurfa langmesta viðgerð. Það eru myllukofinn, bæjardyrnar, göngin inn í hlóðaeldhús, búið, austurtraðir, húsagarðurinn, Vesturhesthús, Tappakofinn, fjósið, hlaðan, Hólhesthús og “Tröðin”.

Hleðsluvinna: Víglundur Kristjánsson annaðist hleðsluvinnu á Keldum sumrin 1997 og 1998. Aðstoðarmenn hans hafa verið þeir Björn Hrannar Björnsson, sem einnig hefur sinnt hleðsluvinnu og Unnþór Helgason vélamaður. Víglundur hefur séð um alla hleðsluna, nema Vesturtraðir og gangamunna í jarðgöngunum niðri við bakka, sem Ari Jóhannesson sá um ásamt aðstoðarmanni sínum, Unnsteini Elíassyni, og hleðslu Matthíasarganga sem Norðlendingarnir Bergsteinn Gunnarsson, Haraldur Karlsson og Oddur Bjarni Þorkelsson hlóðu.

Trésmíðavinna: Þórhallur Hólmgeirsson hefur annast trésmíðar á Keldum sumrin 1997 og 1998. Seinna sumarið hafði hann sér til aðstoðar Þorgeir

Sæmundsson. Gunnar Bjarnason hefur bæði sinnt trésmíðavinnu og járnsmíðavinnu í Keldnabænum, ásamt félögum sínum, þeim Leifi Ebenesersyni og Ólafi Ólafssyni. Sumarið 1998 var einnig Anton Malmberg við trésmíðar á Keldum um skeið. Sveinn Sigurðsson var fenginn til þess að annast framkvæmdir við jarðgöngin sumarið 1998, en hann og menn hans sáu einnig um að gera upp skúr norðan við Nýja hús, um vorið sama ár. Skúr þessi er notaður sem verkstæði meðan á framkvæmdum stendur.

Fornleifarannsóknir: Sumarið 1997 hófst fornleifarannsókn í sundinu milli baðstofu og Nýja húss. Ragnheiður Traustadóttir annaðist þá rannsókn. Auk þess var tekið snið þvert í gegnum gólf smiðjunnar til þess að athuga hversu lengi smiðjan hefði staðið á sínum stað. Rannsókn þá önnuðust Guðmundur Ólafsson og Ragnheiður Traustadóttir. Sumarið 1998 fóru fram viðamiklar fornleifarannsóknir á Keldum. Rannsókninni vestan við baðstofu var fram haldið. Auk þess fóru fram rannsóknir á jarðgöngunum á Keldum. Göngin voru grafin út og snið var tekið í gegnum skálann þar sem göngin ganga inn í hann. Við rannsóknina unnu Björn Stefánsson, Ragnheiður Traustadóttir, Guðrún Sveinbjarnadóttir, Andrew Paul West, David R. A. Radford, Guðmundur Ólafsson, Kristinn Schram, Sigurður Bergsteinsson og Þór Hjaltalín. Fornleifafraeðingar nutu einnig töluverðrar aðstoðar smiða og hleðslumanna á Keldum.

Skráning framkvæmda og heimildavinna: Vegna hinna miklu framkvæmda á Keldum var Þór Hjaltalín, sagnfræðingur, ráðinn til starfa við húsverndardeild Þjóðminjasafns til þess að sjá um skráningu allra framkvæmda á staðnum og skýrslugerð. Líta ber á Keldnabæinn sem sögulega heimild og er því mikilvægt að reyna að varðveita hann sem slíkan. Allar viðgerðir og framkvæmdir þarf því að skrá og rökstyðja vel og gæta þess að þær taki mið af bestu fánlegum heimildum um bæinn. Með skáningavinnu af þessu tagi eru tekin upp ný vinnubrögð hérlendis, við viðgerðir og viðhald á gömlum húsum. Unnið er að rannsóknnum á þróun húsaskipunar bæjarins og á búsetulandslagi jarðarinnar. Um þessar mundir er unnið að gerð bæklinga um bæinn. Skrá þarf alla

⁵⁰ Árskýrslur Þjóðminjasafns (Árb. forn.), 1977, bls. 151.

Keldnagripi, bæði þá sem eru á Keldum og annars staðar. Sérstök viðgerðaráætlun á gripunum verður samin. Unnið er að því að gera gagnagrunn um Keldnabæinn, þar sem nálgast má upplýsingar um hann á skjótann hátt. Þetta felst bæði í úrvinnslu heimilda ásamt skráningu þeirra gagna sem varða bæinn (t.d. ljósmyndir og skjöl). Þór annast einnig gerð verkáætlana á Keldum og samskipti við iðnaðarmenn og aðra þá sem að verki koma á bænum.

Á Keldum er að finna bæ með gördum, útihúsum, smákofum, hjáleigum og mannvirkjum sem heyrðu til bæ af þessu tagi í gamla bændasamfélaginu. Öll mannvirkin á Keldum mynda því einstæða heild. Ætlunin er að koma húsum þessum í það ástand sem þau höfðu meðan þau voru í notkun. T.d. þarf að koma smiðjunni í gagnid, þannig að smíða megi þar inni. Smíða þarf gangverkið í myllukofann svo mala megi korn að nýju. Það þarf að ganga svo frá jarðgöngunum að ferðamenn geti skoðað flóttaleiðina. Hlaða þarf kálgarðana og jafnvel rækta þar grænmeti. Keldnagripunum þarf að finna stað í bænum sem þeir áður höfðu. Hver hlutur átti sinn stað í húsinu og þarf að miða sýningahald í bænum við það. Í kjötskemmuna þarf ákveðna gripi og í sláturskemmuna aðra.

Fyrir hvert sumar eru samdar verkáætlanir í samráði við þá vinnumenn sem að verkinu koma. Fyrir sumarið 1998 var samin áætlun um að ljúka viðgerð á skála, bæjardyrum, buri, hlóðaeldhúsi og göngunum inn í þau. Auk þess var áætlað að fram færi fornleifarannsókn vestan við baðstofu og á jarðgöngum. Í framhaldi af því skyldi ákveðið hvernig gengið yrði frá jarðgöngunum. Fljótlega kom í ljós að breyta varð áætluninni verulega. Fornleifarannsóknirnar urðu mun viðameiri en talið var í upphafi. Eftir að göngin höfðu verið grafin út var ákveðið að endurgera þau þannig að þau yrðu aðgengileg ferðamönnum. Við þetta stórjukust framkvæmdir á Keldum. Áætlunin var því endur-skoðuð og ákveðið að bíða með viðgerð á buri, eystri bæjardyrum og hlóðaeldhúsi. Þess í stað fóru fram miklar viðgerðir á baðstofunni og hlaðinn var einn veggur í austurtröðum. Viðgerðir mannvirkja á Keldum árin 1997-1998 hafa verið þessar:

1997: Fornleifarannsókn:

Tekið snið í smiðjunni.

Rannsókn hafin vestan við baðstofu.

Smíðavinna:

Nýja hús frá 1932 að mestu gert upp.

Smíði grindar í hjallinn.

Smíði grindar í smiðjuna.

Smíði þilsins á hjallinn ásamt smíði hurðar.

Smíði þilsins á smiðjuna ásamt smíði hurðar.

Raftar settir á hjall og smiðju.

Viðgerð á hurðum í gamla bænum.

Smíðuð ný hurð í myllukofann.

Járnsmiðavinna; lamir, naglar hespur o.fl.

Viðgerð á þiljum í baðstofu

Blásturskerfi sett upp.

Hleðsluvinna:

Vesturtraðir teknar niður og endurhlaðnar.

Smiðjan tekin niður að mestu og endurhlaðin.

Hjallurinn tekinn niður að mestu og endurhlaðinn.

Gengið frá þekju smiðju og hjalls.

Framkvæmdin fór fram með eftirfarandi hætti: Þann 20. maí var hafist handa við viðgerðir á Vesturtröðum en Ari Jóhannesson og Unnsteinn Eliasson tóku þetta verk að sér. Þeir byrjuðu að grafa upp úr tröðunum og notuðu til þess litla skurðgröfu. Í ljós kom að norðan megin í austurenda þeirra var hleðslan nokkuð heilleg á allöngum kafla. Hún er úr hraungrýtismolum með torfstreng á milli. Á barminum báðu megin hefur verið torfbrik til þess að hindra að vatn rynni ofaní þær. Ari og Unnsteinn hófu þetta verk um vorið en komu aftur í september til þess að ljúka því.

Þetta sumar voru smiðjan og hjallurinn gerð upp frá grunni. Víglundur Kristjánsson sá um hleðsluvinnuna ásamt aðstoðarmönnum sínum, þeim Birni Hrannari Björnssyni og Unnþór Helgasyni. Um vorið og fram á sumar unnu þeir Víglundur og Unnþór við að endurhlaða veggina. Hjallurinn var allur hlaðinn á ný en í smiðjunni var austurhliðin hlaðin og vesturveggurinn ofan við eldstæði. Nordurgafllinn var látinn standa. Smíði burðarvirkis í smiðju og hjall annaðist Þórhallur Hólmgeirsson smiður. Hann hafði áður séð um viðgerðirnar á Litlu- og Stóruskemma sumarið 1994. Samsetningin á skemmugrundunum var notuð sem fyrirmynd í smiðju og hjall því þar hafði grindunum aðeins verið "tjaslað saman" árið 1975 þegar síðast var gert við húsin. Máttarviðirnir voru algerlega endurnýjaðir en reynt var að vinna þá með fornu lagi. Í grindina var notaður rekaviður. Við mótun



Mynd 15. Við endurgerð stafnpilja á hjalli var m.a. stuðst við kvikmyndina *Sögu Borgarættarinnar*, sem að hluta var tekin upp á Keldum árið 1919. Rimlapil hjallsins blasir við lengst til hægri. Myndin er tekin eftir filmu frá Kvikmyndasafni Íslands.

yfirborðs hennar var notuð öxi og hefill. Í smiðjunni var áferðin víða höfð gróf enda mun hún vera elsta húsið fyrir austan skálann. Á hjallinum var höfð öllu finni áferð en yfirborð og brúnir voru þó heflaðar með handhefli.

Þann 28. ágúst var komið að því að þekja á húsin. Víglundur var þá mættur á ný með aðstoðarmenn sína. Raftarnir voru nánast allir endurnýjaðir en þeir gömlu voru flestir fúnir og ónýtir. Nýir raftar voru búnir til með því að reka fleyg í gegnum rekadrumba og kljúfa þá. Röftunum var ráðað nokkuð þétt á sperrurnar til að mynda góða undirstöðu fyrir hellurnar sem komu þar ofan á. Ofan á hellurnar var lagt nærtorf en sarnafildúkur ofan á það. Dúkurinn var settur til þess að varna leka úr húsunum og var hann tengdur jarðvegslögn niður í vegginn. Ofan á dúkinn var síðan lagt þrefalt torflag.

Við endurbætur stafnpilja árið 1961 tók útlit hjallsins og smiðjunnar töluverðum breytingum. Flest var þá endurnýjað og notað nýtt timbur, naglar og lamir. Stefnt var að því að færa útlitið til eldra horfs. Afgangs timbur var notað úr Húsinu á

Eyrarbakka og naglar og lamir voru sérsmiðaðar við eld eftir fyrirmynd gamalla Keldnalama. Rimlagrind var sett fyrir hjallinn á ný og var tekið mið af kvikmyndinni *Saga Borgarættarinnar*, þar sem rimlagrind hjallsins kom fram, en kvikmynd þessi var tekin að hluta upp á Keldum árið 1919. Ýmsir byggingarhlutar Keldnabæjarins voru fluttir suður til Reykjavíkur á verkstæði Gunnars Bjarnasonar húsasmíðameistara til viðgerðar. Gert var við sex hurðir úr bænum ásamt þiljum í baðstofunni. Auk þess var eitt og annað smíðað nýtt. Öll járnsmíðavinna fór fram á verkstæðinu, gerð lama, hespa og nagla sem notað var á smiðjuna og hjallinn. Smíðaðar voru tröppur og hurðir í Nýja hús og ný hurð á myllukofann.

Viðgerðir á Keldum þetta sumar snerust ekki sist um að koma Nýja húsi frá 1937 í viðunandi horf til þess að vinnumenn á Keldum hefðu eitthvert afdrep. Viðgerðirnar önnuðust Þórhallur Hólmgeirsson, Gunnar Bjarnason og samstarfsmenn hans, Leifur Ebenezer og Ólafur Ólafsson. Þórhallur sá um viðgerðir á neðri hæðinni og hóf það verk um vorið. Þar var gólfíð sumsstaðar illa farið og fúíð. Gert var

við gólfbita og borð bæði í litla herberginu og stofunni. Veggirnir í litla og stóra herbergi og stofu voru allir klæddir með gipsi. Suðurvegginn varð að rífa allan inn að grind og einangra að nýju.

Í eldhúsinu var þiljað með kúlupanel. Þar var sett ný borðplata og loftið skrapað, spartlað og málað. Um miðjan júlímánuð var hafist handa við að hreinsa út úr risinu en það var fullt af ýmis konar drasli. Þar var dúkur á gólfi rifinn upp, en gólfborðin höfð óbreytt. Allt var klætt að innan. Risinu var skipt í tvö herbergi og gang, allt klætt með kúlupanel. Nýjar raflagnir voru lagðar í risið og raftafla endurnýjuð og færð innar í vegginn, en áður hafði hún staðið út í ganginn. Í Nýja hús var keypt eldavél og ískápur.

Ýmislegt var gert til viðhalds og hirðingar á bænum. Mikil grassprettur er á þekjunni og er nauðsynlegt að slá bæinn jafnvel tvisvar til þrisvar á sumri. Ef of mikill grasvöxtur verður er hætta á sinumyndun; grasið kafnar og deyr og þekjan gulnar. Þá er einnig mikilvægt að vatnsrásum sem liggja frá bænum að norðanverðu sé haldið við þannig að vatn renni þar greiðlega, því annars er hætt við að það renni inn í bæinn. Keypt var sláttuorf þetta sumar og sinntu Þór Hjaltalín og Þórhallur Hólmgæirsson slætti. Auk þessa var keypt vatnsþolin iðnaðarryksuga til að auðvelda baráttuna við rykið en bærinn hefur verið óþéttur og smýgur sandur víða inn í hann. Bærinn hefur yfirleitt staðið opinn þannig að hætta er á að ferðalangar geti haft þaðan með sér muni án þess að eftir því sé tekið. Nú er hins vegar búið að kaupa lása á öll húsin í bæjarröndinni og þarf að gæta þess að þau séu ætíð læst á lokunartímum safnsins.

Auk þessa var ýmislegt fleira gert til viðhalds gamla bænum á Keldum. Settar voru aukastoðir í eldiviðargeymsluna og stuðningsgrind við hlóðirnar. Húsgrindin þar inni er orðin mjög veikburða og hætt er við að húsið hrynji þá og þegar, enda heldur hún uppi miklu hellufargi. Gert var við tröppur upp í baðstofuna. Skólplögn úr Nýja húsi stíflaðist og við nánari athugun kom í ljós að leiðslur undir klósettinu voru brotnar. Salernisgólfið var brotið upp og frárennslisrör endurnýjuð. Ný leiðsla var lögð út að suðaustur húshorni. Þetta sumar var bærinn mældur og uppdráttur jafnframt gerður af nánasta umhverfi hans.⁵¹

⁵¹ Byggt á; *Þjms* - Þór Hjaltalín; Dagbók - Keldur sumarið 1997.

1998: Fornleifarannsókn:

Rannsókn vestan við baðstofu.

Jarðgöng grafin og rannsókuð.

Tekið snið í skála og jarðgöng rannsókuð þar.

Grafið fyrir niðurfallsröri í skálagólfi.

Smíðavinna:

Vesturveggur baðstofu; gert við stoðir, gluggum komið fyrir og festir, þiljun, gengið frá rennu og vatnsvarnardúki.

Norður og austurveggur Piltaherbergis; gert við stoðir og bita, þiljað, gert við gólfborð og gólfbita.

Gert við gólf í stofu.

Gert við norðurstafn baðstofuhúss.

Gert við vesturstafn skála.

Gengið frá þekju skála og bæjardyra.

Gert við grind og þiljur í borðstofu og á gangi.

Gert við þak borðstofu og gangs.

Slegið upp mótum og moldarsteyp gólf í skálanum.

Gert við grind skála.

Lagt niðurfallsrör í norðurvegg skála og skálagólf.

Gert við skúr norðan við Nýja hús.

Smíðað grindverk við Vestur- og Austurtraðir.

Bikuð þil og gerðir skjáir á skemmur.

Gengið frá blástursrörum inn í baðstofuhús.

Gert við glugga skála og baðstofu.

Gert við þil og stoðir búrmegin við tröppur í bæjardyrum.

Smíðaðir dyrakarmar og hurðir fyrir jarðgöng.

Reft yfir Matthíasargöng.

Slegið upp fyrir jarðgöngum.

Hvelfing jarðganga moldarsteyp.

Steypt öryggisplata yfir jarðgöng.

Slegið upp mótum fyrir moldarsteypu og grjóthvelfingu við skála.

Kamarspró fjarlægð.

Gengið frá glerþili í jarðgöngum.

Uppsláttur tekinn undan og göng hreinsuð.

Hvelfing höggvín í dregara í jarðgöngum.

Smíðaðir hlerar fyrir lambhúsin.

Settur aftursláttur á vindskeiðar.

Lagður vatnsvarnardúkur á þekjur og hann soðinn saman.

Hleðsluvinna:

Vesturvegur baðstofu hlaðinn.

Austurveggur Piltaherbergis og norðurveggur skála hlaðnir.
 Hleðsla hvelfingar í jarðgöngum.
 Suðurveggur skála hlaðinn ásamt vestur bæjardyrakampi.
 Hlaðinn veggur í Austurtröðum.
 Skála- og bæjardyrabekja tyrft.
 Hlaðin Matthíasargöng.
 Gengið frá jarðvegi ofan við jarðgöng og tyrft.
 Grjóthlaðið í munna upprunalegu jarðganganna.
 Gengið frá gangamunnum og hlaðin upp brekkan.
 Bæjarstétt löguð.
 Hlaðnar tröppur við Norðurhús baðstofu.
 Gert við stafn lambhúsa.
 Steðjasteini við smiðjuna snúið við.
 Gengið frá á hlaðinu og það þökulagt.

Skráning, heimildavinna og verkáætlun:

Samin verkáætlun fyrir sumarið 1998.
 Skemma tekin á leigu á Stórólfsvelli.
 Keldnagripir skráðir og fluttir í skemmuna.
 Samin viðgerðaráætlun fyrir Keldnagripi.
 Skrifuð ársskýrsla 1997-1998
 Skrifafur Viðgerðarannáll Keldna.
 Unnið að gerð bæklings um Keldur.
 Leitað samninga um leiguland umhverfis gamla bæinn.
 Unnið að undirbúningi sýningar á Keldum.
 Leitað samninga við Héraðsnefnd Rangæinga um þátttöku í rekstri bæjarins.
 Fengin trjáhringaaldursgreining og C14 greining á Keldnaviðum.
 Unnið að skýrslu um Keldnagripi.
 Unnið að heimildaöflun og úrvinnslu heimilda.

Annað:

Ýmis innkaup í Nýja hús.
 Járnhliðið að bænum lagað.
 Gert við frárennislislagir í tvígang.
 Uppdráttur af bænum hreinteiknaður

Framkvæmdin fór fram með eftirfarandi hætti: Vinna við Keldabæinn og undirbúningur fyrir framkvæmdir sumarsins stóðu yfir allan veturinn 1997-1998. Samin var verkáætlun fyrir sumarið í samvinnu við starfsmenn þá sem málið varðaði og hefur áætlun þessi verið síðan í stöðugri endurskoðun og tekið tölverðum breytingum.



Mynd 16. Ragnheiður Traustadóttir fornleifafræðingur útskýrir gangarannsóknina fyrir fréttamönnum Stöðvar 2 sumarið 1998. Ljós. Þór Hjaltalín.

Ákveðið var að tæma bæinn af gripum vegna viðgerðanna og var því tekin á leigu þurr og óupphituð skemma á Stórólfsvöllum, skammt frá Hvolsvelli. Hafist var handa við að koma gripunum í skemmuna strax í apríl og var því verki að mestu lokið þegar líða tók á maímánuð. Gripirnir voru bráðabirgðaskráðir þegar þeir voru fluttir úr bænum, en verða síðan endanlega skráðir inn í bæinn aftur. Margir gripanna eru illa farnir og þurfa viðgerð og af því tilefni er verið að setja saman sérstaka viðgerðaráætlun.

Í aprilmánuði var leitað samninga við ábúendur á Keldum um leiguland umhverfis gamla bæinn. Heppilegt þykir að safnið hafi nokkra landspildu umhverfis bæinn og geti skipulagt svæðið í framhaldi af því. Gert var uppkast að samningi, en ekki náðist samkomulag um leigugjald. Samningavinna liggur því niðri sem stendur. Í aprilmánuði var einnig leitað samninga við Héraðsnefnd Rangæinga um þátttöku þeirra í rekstri bæjarins.

Erindi þetta fékk jákvæðar undirtektir og verður veturinn 1998-1999 rætt frekar um fyrirkomulag þessarar samvinnu. Uppi eru hugmyndir um að opna sýningu í Keldnabænum vorið 2000 og er mikilvægt að Héraðsnefndin komi að því máli. Þá verður búið að gera upp jarðgöngin, skálann og baðstofuna, en sumarið 2000 verður hins vegar unnið að viðgerðum á búi og hlóðældhúsi.

Töluverðar framkvæmdir fóru fram á Nýja húsi veturinn 1997-1998. Um var að ræða frágang ýmsan, uppsetning lista, gólffrágangi, málun og dúklagningu. Blásturskerfi var einnig sett í kjallara hússins, en heitt loft er leitt þaðan inn í gamla bæinn til þess að halda honum þurrum. Ýmislegt var keypt inn í Nýja hús, borð, stólar, eldavél, ísskápur, leirtau og eldhúsáhöld, rúmstæði, gluggatjalda-stangir, efni í gluggatjöld og fleira. Vinnumenn þeir sem að framkvæmdum koma á Keldum hafast við í Nýja húsi og er aðstaðan að verða nokkuð góð þó að frágangi þar sé ekki að fullu lokið. Þennan sama vetur vann Þór Hjaltalín í hlutastarfi við ritun skýrslu um framkvæmdirnar frá því sumrinu áður ásamt heimildaöflun og úrvinnslu þeirra. Skýrsla um framkvæmdirnar 1997-1998 er áformað að komi út í desember 1998.

Hafist var handa við framkvæmdir sumarsins samkvæmt verkáætlun í byrjun maímánaðar. Grétar Markússon arkitekt, lauk við uppmælingar á bænum. Lokið var við hreinteikningar af bænum um sumarið. Samið var við Svein Sigurðsson húsasmíðameistara hjá Byggingaþjónustunni á Hvolsvelli um að gera upp skúr norðan við Nýja hús, en ætlunin var að koma þar upp smíðaverkstæði. Lokið var við það verk um vorið. Fornleifarannsóknir stóðu yfir allt sumarið á Keldum en þó með nokkrum hléum. Rannsóknir fóru fram vestan við baðstofu, þar sem fundust forn veggjabrot, sem sennilega hafa tilheyrt skálanum og hefur hann þá náð vestur fyrir núverandi baðstofuhús. Í yngri jarðlögum voru leifar eftir kamra. Rannsóknir fóru einnig fram á jarðgöngunum, en í framhaldi af því voru ákvarðanir teknar um endurgerð þeirra. Lega þeirra var athuguð og snið tekið þvert í gegnum skálann til þess að kanna hvernig göngin tengdust honum. Í skálasniðinu má sjá leifar fjögurra byggingastiga og heyrðu jarðgöngin til því neðsta, sem sennilega er frá 12-13. öld. Við uppgröftinn var skilunum við gangaveggina fylgt til suðurs. Þannig var smám saman hrunfyllingin grafin úr göngunum þannig að aðeins moldarveggir ganganna stóðu eftir. Í lokin

var svo komið að hleðslu við gangamunnann í bakkanum. Fornleifarannsókn lauk 15.-16. júlí ef frá er talin rannsókn á göngunum undir kamarsprónni, sem fram fór 7.-18. september. Úrvinnsla gagna er nú í fullum gangi og er áætlað að skýrslugerð ljúki í nóvember lok.

Endurgerð jarðganganna hófst um miðjan júlí. Þjóðminjaráð fékk málið til umfjöllunar og var ákveðið að endurgera ekki aðeins hin upprunalegu göng, heldur einnig hin svokölluðu Matthíasargöng sem koma út út bakkanum nokkru austar. Ástæða þess að þau göng voru einnig endurgerð var sú að þau auðvelda ferðamönnum umferð og eykur á öryggi þeirra. Stórir ferðahópar þurfa með þessu ekki að snúa við í göngunum, heldur ganga inn upprunalegu göngin og út um Matthíasargöngin. Það var ljóst að framkvæmd þessi yrði bæði dýr og tímafrek. Það var þó mat manna að rétt væri að ráðast í þetta verk, enda er hér um að ræða einhverjar merkustu fornminjar þjóðarinnar og munu í framtíðinni vekja mikla forvitni ferðamanna. Jarðgangagerðin orsakaði hins vegar töluverðar breytingar á verkáætlun sumarsins, og ákveðið var að bíða með viðgerð á búi og hlóðældhúsi en ljúka þess í stað viðgerðum á baðstofuhúsi. Samið var við Svein Sigurðsson um að taka að sér framkvæmdirnar við jarðgöngin. Magnús Hallgrímsson verkfræðingur, var einnig hafður til ráðgjafar um hönnun og endurgerð. Sú hugmynd kom fram að nota sementsblandaða mold til þess að steypa hvelfingu ganganna. Með þessu var stefnt að því að hafa áferðina sem líkasta moldarveggjum.

Verkið hófst á því að haft var samband við J.Á. verktaka á Selfossi svo hreinsa mætti út Matthíasargöngin með krabbakrana. Slíkt tæki hafði verið mikil nauðsyn, bæði meðan fornleifarannsókn stóð yfir og eins síðar þegar að steypuframkvæmdum kom, enda er gólf ganganna allt að 6 metrum undir jarðvegysfirborði. Í framhaldi af því unnu menn frá Sveini að því að moldarsteypa gólf ganganna. Moldarveggir þeirra voru látnir halda sér þannig að grafnir voru um 1. metra stallar til beggja hliða, í 140-170 cm hæð frá gólfi, þar sem hin moldarsteypa hvelfing skyldi vera. Þetta var unnið í byrjun ágúst, ásamt því að slegið var upp fyrir hvelfingunni. Hvelfingin sjálf er um 50 cm á hæð þannig að hæð ganganna er á bilinu 190-220 cm og breiddin á bilinu 140-200 cm. Moldarsteypuvinnan hófst þann 17. ágúst. Moldin var blönduð sérstökum styrktartrefjum sem að jafnaði



Mynd 17. Þann 17. ágúst 1998 var neðsti hluti hvelfingar jarðganganna moldarsteypdur. Sementsblandaðri moldinni var þjappað að mótunum. Inn á milli moldarlaga var sett jarðvegsnet til öryggis. Ljósmynd. Þór Hjaltalín.

eru notaðar í steinsteypu. Moldin var höfð nokkuð rök þannig að við þjöppun yrði hún leirkennd. Milli moldarlaga var komið fyrir jarðvegsneti til varnar hrúni. Styrkur steypunnar var að jafnaði þrjú 40 kg sementspokar á móti rúmmetra af mold, sem þýðir ca. 1 á móti 10. Ofan við moldarsteypu hvelfinguna var höfð steinsteypu öryggisplata. Í Matthíasargöngum var annar háttur hafður á. Ákveðið var að hlaða þau göng úr grjóti upp í um 180 cm hæð. Hleðslumenn voru fengnir norður úr landi, þeir Bergsteinn Gunnarsson, Haraldur Karlsson og Oddur Bjarni Þorkelsson sem hafa sinnt hleðsluvinnu á Grenjadarstað í Aðaldal og Þverá í Laxárdal. Þórhallur klauf síðan rekaviðardrumba sem notaðir voru til þess að refta yfir göngin. Torfþökur, tjörupappi og loks steinsteypu öryggisplata komu þar ofaná. Þórhallur sá einnig um smíði dyraumbúnaðar og hurða fyrir gangamunnana. Búrhurðin á Keldum var höfð sem fyrirmynd og sá Gunnar Bjarnason um smíði lama og hespa. Þessum framkvæmdum, sunnan við þró, lauk um mánaðarmót ágúst/september. Undir þrónni voru göngin heil og framkvæmdin þaðan og út að skála var því með nokkuð öðrum hætti. Í byrjun september var kamarsþróin, sem steypd var

árið 1932, fjarlægð. Undir þrónni lágu göngin og var hvelfingin að nokkru uppistandandi. Nær skálanum, norðan við þróna, eru göngin alveg heil á um 2 ½ metra kafla. Hvelfingin var moldarsteypd þar sem hún var hrúnin, en hæð jarðganganna undir þrónni og alveg út að skála er óbreytt frá upphafi, þ.e. um 120 cm. Þessi kaflur, frá þró og út að skála, er um 10 metra langur. Þó að göng þessi séu opin, er ferðamönnum ekki ætlað að fara þar um, heldur munu þeir ganga frá bakkanum um 15 metra inn í göngin. Þar er komið að glerþili þar sem horfa má inn eftir hinum vel varðveittu göngum upplýstum. Síðan er snúið við, út Matthíasargöngin. Þegar neðsta gólflög skálanum var rannsakað komu í ljós moldarþrep úr skálanum niður í göngin. Þar sem þetta gólflög er um 140 cm neðar en núverandi gólfyfirborð kostar það töluverðar breytingar á ásýnd skálanum innanhúss. Neðsta gólflagið var látið halda sér á um 150x240 cm fleti framan við gangamunnann. Veggurinn var hlaðinn niður í gryfju þessa og inngangurinn í göngin hvolfhlaðinn úr grjóti. Ferðamaðurinn mun því geta staðið á bakkanum inni í skála og horft niður í upplýst gangaopið. Um miðjan októbermánuð komu Ari Jóhannesson og Unnsteinn Eliasson og



Mynd 18. Þórhallur Hólmgeirsson (fyrir miðri mynd) hefur séð um mest alla smíðavinnu á Keldum. Hér er hann að koma fyrir bita miklum við enda Matthíasarganga, þar sem þau ganga inn í hin upprunalegu göng. Ljósmynd. Þór Hjaltalín.

hlóðu upp gangamunnann við bakkann. Sumarið 1998 var gert við skálann og baðstofuna. Þann 14. maí var hafist handa við að taka ofan af skálaþekjunni. Við viðgerð árið 1975 var lagt bárujárn undir torfið, og fjarlæggt var hellugrjót það sem fyrir var. Ýmislegt er nú reynt til þess að auka endingu og minnka viðhald gömlu húsanna á Keldum. Í stað bárujárnsins verður nú settur vatnsvarnardúkur yfir allar þekjur til að koma í veg fyrir leka. Dúkurinn liggur undir torfinu og nær vel út á kampa og vegg húsanna. Þar er hann soðinn saman við niðurfallsrör og vatn þannig leitt frá húsunum. Einnig var halli lands umhverfis bæinn lagaður nokkuð til og vatnsrásir hreinsaðar. Til umræðu kom að leggja hellugrjót á skálaþekjuna á ný, en horfið frá því, þar sem talið var að hin forna grind skálans þylði illa slíkt farg. Hellugrjót verður aðeins haft neðst, þar sem það er sjáanlegt inni í skálanum uppi við syllurnar. Fleira var gert til að auka endingu húsanna. Gerð var tilraun með að sementsblanda moldina í veggjunum og styrkurinn hafður 1 á móti 30. Þetta var gert til þess að varna því að mold rynni út úr steinhleðslunni, eins og gjarnan gerist með tímanum. Auk þessa hefur

blásturskerfinu verið komið í gagnið og bærinn því upphitaður árið um kring. Slíkt mun vonandi stórmínka viðhald og varna fúa í timburverkinu. Vesturveggur baðstofu var síðan rifinn, en svæðið undir honum og sunnið milli baðstofu og Nýja húss var rannsakað af fornleifafræðingum og lauk þeirri rannsókn þann 17. júní. Tækifærið var notað til að gera við timburverkið í baðstofunni. Veruleg viðgerð fór fram á stoðum hússins og skipt um nokkrar vegna fúa. Gert var við glugga og þeim komið fyrir á ný. Einnig fóru fram viðgerðir á gólfi í stofu og Piltaherbergi. Neðri hluti norðurstafns baðstofu var einnig illa farinn af fúa. Skipt var um syllu og tróð í vegg fjarlæggt. Þiljunum, sem áður höfðu fengið viðgerð á verkstæði Gunnars Bjarnasonar, var komið fyrir á ný. Borðstofan, austan við baðstofuna, var einnig gerð upp. Gert var við grind, þiljur og gólfborð og sömuleiðis í baðstofugangi. Timburverkið í þakinu var að miklu leyti endurnýjað. Í skálanum varð víða að gera við grindina. Skeytt var við syllur, þar sem þær höfðu fúnað og stoðir og syllur trénegldar þar sem sprungur höfðu myndast. Grindin var síðan rétt nokkuð af, þar sem hún var mjög farin að hallast til



Mynd 19. Víglundur Kristjánsson (lengst til hægri), hefur að mestu séð um hleðsluvinnuna á Keldum. Hér er hann að hlaða upp vesturvegg baðstofunnar, ásamt aðstoðarmanni sínum, Birni Hrannari Björnssyni. Hjá þeim stendur Oddur Bjarni Þorkelsson. Ljós. Þór Hjaltalín.

suðurs. Í framhaldi af því voru samsetningar lagaðar og þiljur réttar af, en vegna hallans voru þær farnar að ganga úr nótt sinni. Vesturstafn skála var einnig lagaður og gert við glugga á honum. Viðbótar timburklæðning var sett á skálaþekjuna henni til varnar og stuðnings. Ýmsar aðrar smáviðgerðir fóru einnig fram á Keldum þetta sumar. Sniðið sem fornleifafræðingarnir grófu í skálanum var moldarsteypt, nema sá hluti sem látinn var halda sér vegna jarðganganna. Með þessu móti fæst traustur bakki til að standa á. Þil voru bikuð með blakkfernis og skjáir gerðir á skemmupílin. Hlerar voru smíðaðir fyrir hjallinn, en slíkir lausir hlerar voru fyrrum hafðir þar fyrir grindarþilinu. Einnig voru smíðaðir hlerar fyrir lambhúsin, en mikilvægt er að loka þeim fyrir veturinn. Bæjardyrabilið var gert upp og aftursláttur settar á allar vindskeiðar í bæjarröndinni. Slíkur aftursláttur er mjög til varnar gegn vætu.

Hleðsluvinnna við bæinn stóð frá miðjum maí og fram til nóvemberloka. Framan af sumri voru hleðslumennirnir, með grófu og "bobcat", einnig mjög til aðstoðar við fornleifarannsóknina. Baðstofuveggurinn var endurhlaðinn eftir að

fornleifarannsókn lauk. Norðurveggur Piltaherbergis fékk að standa að nokkru, en austurveggurinn var allur hlaðinn ásamt norðurvegg skálans. Í lok september var tekið til við að hlaða hvelfinguna inni í skálanum og í framhaldi af því var allur suðurveggur skálans endurhlaðinn, frá vestari bæjardyrakampi og út að eystri baðstofukampi. Nánast allur þessi veggur hafði verið fjarlægður við fornleifarannsóknina. Í nóvembermánuði verður gengið frá þekjum og þær tyrfðar. Verklök eru áætluð í nóvemberlok, en þá verður snyrt til í kringum bæinn, bæjarhlaðið tyrfð og bærinn búinn undir veturinn eftir því sem tíðafar leyfir.⁵²

2000: Stefnt verður að viðgerð á:

- Búri og þar með eystri bæjardyrakampi.
- Hlóðaeldhúsi ásamt göngum.
- Viðgerðum lokið við baðstofu.
- Lokið við hleðslu Austurtraða.

⁵² Byggt á: Þjms - Þór Hjaltalín; Dagbók - Keldur sumarið 1998.

2001: Stefn verður að viðgerð á:

Fjárrétt.
Vesturhesthúsi.
Tappakofa
Fjósi.

2002: Stefn verður að viðgerð á:

Hlöðu
Hólhesthúsi.
"Tröð"
Myllukofa
Kálgarði framan við bæjarhús.
Húsagarði.

Stefnumörkun um viðgerð

Keldnabæjarins

Veturinn 1997-1998 fóru fram fjörugar umræður um það hvernig standa skyldi að viðgerðum og uppbyggingu á bæ eins og Keldum. Hvaða meginreglum ber að fylgja og hver er aðferðafræðin? Mánudaginn 9. febrúar 1998 komu starfsmenn útiminjasviðs Þjóðminjasafns Íslands og Húsafríðunarnefndar ríkisins saman til fundar á Keldum ásamt nokkrum iðnaðarmönnum sem unnið hafa að viðgerð bæjarins. Tilefni fundarins var að ræða þær viðgerðir sem fram áttu að fara á elsta hluta bæjarins, skálanum, öndinni, búrinu og hlóðaeldhúsinu. Fundarmenn voru Þór Magnússon, Þór Hjaltalín, Víglundur Kristjánsson, Þórhallur Hólmgeirsson, Garðar Guðmundsson, Gunnar Bjarnason, Magnús Skúlason, Guðmundur Ólafsson, Sigurður Bergsteinsson, Agnes Stefánsdóttir og Hjörleifur Stefánsson. Á undanförunum misserum hafa nokkrir menn sem láta sig málið varða lýst þeirri skoðun sinni að færa beri skálann til eldra horfs nú þegar ráðist verður í umfangsmikla viðgerð. Í því sambandi hefur einkum verið nefnt að endurhlaða beri vesturgafli skálans og jafnframt fjarlægja borðstofuna sem byggð var árið 1914 þegar gaflinn var rifinn. Einnig hefur þeirri skoðun verið fram haldið að réttast sé að þilja skálann að innan eins og talið er að hann hafi verið fyrir á öldum. Rétt þótti að ræða þessar skoðanir áður en lengra yrði haldið og marka skýra stefnu um framhald viðgerða Keldnabæjarins. Fyrir fundinum lá samantekt Þórs Hjaltalín á heimildum um þær breytingar sem urðu á vesturenda skálans á seinni hluta 19. aldar og fram til 1914 þegar vesturgafllinn var rifinn.

Hjörleifur Stefánsson hóf fundinn á því að rekja stuttlega forsögu málsins og sagði rétt að taka

hugmyndir um endurgerð skálans til umræðu. Hann sagðist hafa verið hikandi í afstöðu sinni en ákveðið að gerast málsvari þeirrar stefnu að halda bænum óbreyttum. "Hlutverk okkar er að halda þessum bæ við sem menningarsögulegum minjum þannig að heimildagildi þeirra verði sem mest og að sem fæstar tilgátur eða viðbætur frá okkar tíma skerði heimildagildið. Mér finnst að við eigum að halda húsunum við eins og þau eru og varðveita þau þannig til framtíðar. Svona reglur á þó að túlka með nokkrum sveigjanleika. Draga ber skil við það þegar Þjóðminjasafnið tók við þessum húsum á sínum tíma. Það sem gerst hefur eftir það getum við meðhöndlað á svolítið annan hátt, með svolítið meiri sveigjanleika, þ.e.a.s. það sem við kunnum nú að líta á sem hálfgerð mistök í fyrri viðgerðum á vegum Þjóðminjasafnsins, það finnst mér við geta leiðrétt eða lagfært, en mér finnst við eigum ekki að hrófla við neinu af því sem var í þessum bæ og er þar enn, þegar Þjóðminjasafnið tók við honum. Við eigum ekki að reyna að fyrna eða færa til baka neitt frá þeim tíma þegar Þjóðminjasafnið tók við bænum".

Þór Hjaltalín rakti í stuttu máli þær breytingar sem gerðar hafa verið á vesturhluta skálans. Um er að ræða tvö byggingarstig, annars vegar frá 1891, þegar baðstofustiginn var færður að skálanum, hins vegar byggingarstig frá 1914, þegar Skúli Guðmundsson ákvað að rífa gaflhlað skálans til þess að byggja þar eldhús. Safnið tók við bænum eins og hann var árið 1914. Snemma á 7. áratugnum var eldhúsið tekið niður, þannig að nú höfum við hvorki byggingarstigið frá 1914 né það frá 1891. Þá vaknar spurningin: Eigum við að færa skálann til þess horfs sem hann hafði árið 1914 eða eigum við að færa hann til þess horfs sem hann hafði árið 1891, eða láta hann standa með þeim breytingum sem safnið gerði á 7. áratugnum? Þegar eldhúsið var tekið niður á 7. áratugnum bjó að baki sú hugmynd að láta skálann njóta sín betur. Skálinn þykir merkilegasti partur hússins og væntanlega sá sem okkur þykir mest um vert að sýna. Ef við gerum upp eldhúsið aftur, þá er ekkert orðið eftir af skálanum". Þór fór síðan í gegnum þær heimildir sem til eru um útlit skálans áður en gaflhlað hans var rífið og ræddi nokkuð um það á hverju byggja mætti endurgerð gaflhlaðsins. Í framhaldi af því spurði Þór hvort rétt væri að velja eitthvert byggingastigið, eða láta þetta bara standa eins og það er, með þeim breytingum sem safnið hefur gert síðan það tók við bænum. Svo vaknar einnig



Mynd 20. Skúli Guðmundsson og kona hans, Svanborg Lýðsdóttir fyrir framan Keldnaskálann árið 1912, áður en vesturgafli skálans var rifinn. Ýmsar heimildir eru til um útlit skálans frá því áður en Skúli innréttaði eldhús í vesturenda hans árið 1914. Álitamál er hvort rétt sé að færa þróunina til baka.

spurningin um frágang jarðganganna sem væntanlega kæmu einhvers staðar upp í vesturenda skálans, þar sem eldhúsið áður stóð.

Hjörleifur áréttaði þá skoðun sína að megin atriðið í þeirri stefnu sem hann telji að eigi að ríkjá í þessum málum er að allar tilraunir til að færa til eldra horfs, í þessu samhengi hér, eru einfaldlega rangar. “Það er bara bærinn eins og hann er sem er viðfangsefni okkar. Allar tilraunir okkar til þess að færa bæinn til eldra horfs leiða til þess að við rýrum heimildagildi hans. Ég myndi segja sem svo að bærinn 1998 er viðfangsefnið, en samt má segja að þáttaskil urðu þegar Þjóðminjasafnið tók við þessu og það sem gerðist eftir það getum við farið með svoltið öðrum höndum heldur en hitt, en við erum á engan hátt skuldbundnir til þess að setja upp eldhúspilið aftur. Þetta getur bara verið eins og það er núna”. Magnús Skúlason spurði í framhaldi af þessu hvort vitað væri um allar þær breytingar sem Þjóðminjasafnið hefur staðið fyrir og hvernig eldhúsið leit út þegar safnið tók við bænum. Nokkur umræða fór síðan fram um það hvernig fara ætti með göngin eftir rannsóknir í sumar. Það er ljóst að slíkar ákvarðanir verða ekki teknar fyrr en eftir að rannsókn hefur farið fram. Þór Hjaltalín rakti fyrir fundamönnum lýsingu Skúla Guðmunds-

sonar á eldhúsinu frá 1914. Einnig glittir í eldhúspilið á ljósmynd sem Gísli Gestsson tók inn eftir skálanum árið 1951. Þór spurði hvort rétt væri að reyna að endurgera eldhúsið?

Þór Magnússon tók næstur til máls. Mörgu hefur verið breytt síðan hann hóf að hafa afskipti af Keldnabænum árið 1964. Þá var enn búið í Nýja húsi frá 1937 og gömlu útihúsin voru notuð fyrir skepnur. Búið er að taka gamla kálgarðinn enda fylgdi honum ýmislegt óhagræði. Hann safnaði í sig snjó og vætu og við jarðafarir var erfitt að koma kistum til og frá kirkju. Steinsteypur veggur var framan við skálann sem var tekinn niður. Áður fyrr var einnig hægt að skríða nokkra metra inn í jarðgöngin og ferðamenn gerðu það margir. Á þessum tíma er mikið búið að gera við þessi hús. Árið 1975 var allt áreftið endurnýjað á skálanum, enda var það sem fyrir var gerfúíð. Baðstofan var einangruð með plasti og þakjárnið endurnýjað. Þegar skipt var um glugga var smiðnum sagt að hafa þetta nákvæmlega eins og fyrirmyndin, en síðan kemur í ljós þegar rýnt er í þetta eftir viðgerðir, að ýmsar breytingar verða þrátt fyrir fyrirmælin. Steingólfið í skálanum er nýtt. Það var sett þarna inn til þrifnaðarauka. Þór var á því að þetta bæri að taka út aftur. Það er ljóst að skálinn er ekki eins

og þegar safnið tók við honum. Ef farið væri út í endurgerð, þá er ljóst að slíkar ákvarðanir mætti endurskoða síðar. Þór er hins vegar efins um að rétt sé að færa skálann til eldra horfs því það kostar töluverðar tilgátur.

Garðar Guðmundsson spurði hvernig réttast væri að líta á þennan bæ. Á að standa þannig að málum að fólk sjái einhverja fortíð, t.d. hvernig miðaldaskálar hafa litið út, eða á að leggja áherslu á það gildi sem hann hefur sem bústaður kynslóða. Er rétt að klippa kynslóðir frá? Eldhúsið sýnir aðlögun síðustu kynslóðar og það finnst honum ekki rétt að taka í burtu. Eins og málin standa núna er rétt að frysta bæinn eins og hann er. Þórhallur Hólmgeirsson benti á að þar sem við höfum ekki ítarlegri heimildir um bæinn eigum við ekki að reyna að skálda neitt í eyðurnar, heldur að taka hann eins og hann er.

Undir þetta tók Garðar og sagði að allt sem reynt væri að gera væri skáldskapur, jafnvel að breyta glugganum, því þar erum við með handverkshefð, og hún endaði bara svona!

Hjörleifur benti á að þróunarsaga bæja af þessu tagi heldur áfram um alla eilífð. Eftir að Þjóðminjasafnið tók við honum er hann orðinn að safngrip, en bænum þarf að viðhalda bæði sem safngrip og húsi sem þarf að halda vatni og vindi. Það er ljóst að skúrbyggingin yfir baðstofunni er meingölluð. Þarna myndast kverk milli skúrþaksins og skálans sem veldur leka og stundum skemmdum á viðum. Þarna er allt grautfúid og þarfnast lagfæringa. Það þarf því að endurbyggja þetta á annan hátt en síðast og gera einhverjar tæknilegar úrbætur. Við getum ekki leyft okkur að endurtaka alla þá galla sem húsið hefur. Í framhaldi af þessu spannst nokkur umræða um það hvar draga skyldi mörkin.

Sigurður Bergsteinsson benti á að í raun er verið að breyta húsunum alveg stórkostlega með því einu að hafa þau til sýnis, t.d. ef menn ákveða að setja upp upplýsingaspjöld. Þetta þýðir að búið er að breyta ansi miklu. Út frá þessu er e.t.v. ekki svo fráleitt að endurgera skálann. Í framhaldi af þessu fór fram nokkur umræða um hvernig best væri að sýna ferðamönnum hvernig byggingarnar hafa þróast, t.d. með útgáfu bæklinga. Hjörleifur taldi að sú hugmynd að taka hús af þessu tagi og gera það að safngrip gengi alls ekki upp í raun, en nauðsynlegt er þó að hafa einhverjar viðmiðunarreglur til að styðjast við og þá kemur Feneyjaskráin að góðum notum. Niunda og ellefta grein skrárinnar var síðan lesin upp fyrir fundarmönnum.

9. grein

Endurgervingu ætti aðeins að líta á sem aðferð sem aðeins verði gripið til sem undantekningar. Markmið hennar er að tryggja og kalla fram að nýju fagurfræðilegt og sögulegt gildi minjanna og hún felur í sér að virðing er borin fyrir varðveittum hlutum þeirra og sannanlegum skjalfestum staðreyndum. Henni sleppir þar sem tilgáturnar taka við. Þar sem um er að ræða endurgerð byggða á tilgátum, verða allar viðbætur, sem óhjákvæmilegar eru af fagurfræðilegum eða tæknilegum ástæðum, að koma glöggt fram í byggingarlist minjanna í heild og bera svipmót nútímans. Áður en til endurgervingar kemur og samtímis henni, skal alltaf gera ítarlegar fornleifa- og sagnfræðirannsóknir.

11. grein

Viðbætur sem eitthvað kveður að, frá hvaða tímabili sem þær kunna að vera, ber að virða, enda er einn og sami heildarsvipur – hvað byggingastíl varðar – ekki markmið að keppa að við endurgervingu. Þar sem byggingu hefur verið breytt hið ytra oftar en einu sinni, og hið nýja hefur að heita má lagst ofaná hið gamla, er því aðeins hægt að réttlæta afhjúpun þess sem undir er með því, að það sem burt er tekið hafi einungis hverfandi þýðingu, að það sem undir er sé vitnisburður með mikið sögulegt, fornleifafræðilegt eða fagurfræðilegt gildi og að það sé í fullnægjandi ástandi til varðveislu. Ekki er rétt að mat á einstökum byggingarhlutum og ákvörðun um hvað fjarlægja skuli sé aðeins undir þeim aðila komið sem stjórnar verkinu.

Magnús Skúlason sagði fullkomlega réttlætlanlegt að bæta úr augljósum göllum, t.d. frágang við glugga. Við setjum ekki vatnsbrettin utaná. Garðar spurði þá hvar rétt væri að setja mörkin? Þau eru afskaplega óljós. Hjörleifur sagði að náðst hefði einhverskonar sátt um viðgerðir á friðuðum húsum á undanförunum árum, hvað gera skal og hvað ekki. Það eru ákveðin “prinsippatriði” sem hafa þarf í huga. Bæta þarf úr göllum og svo þarf að taka mið af notkun hússins. Ef um safngrip er að ræða þá þarf að ganga eins langt og gengið verður til að halda öllu óbreyttu. Magnús benti á að við leyfum okkur að steypa undir kirkjur. Er einhver munur – stigsmunur – eðlismunur? Hvar liggja mörkin? Hjörleifur sagði að greina mætti þróun í þessum málum. Fyrst var steyp, jafnvel svo að steypa sást. Síðan var steyp og hlaðið ofan á það. Síðar hefur



Mynd 21. Mismunandi hefð hefur skapast við viðgerðir gripa, eftir því hvaða muni um er að ræða. Gamli Vífilstaða Fordinn frá 1917 fékk Þjóðminjasafnið í sína vörslu árið 1971. Þá var hann að segja má ónýtt ryðhræ, hvorki sýnigarhæfur eða neinum til gamans. Á árunum 1977-78 gerði Pétur G. Jónsson, sem hér sést á myndinni, bílinn upp og smíðaði í hann varahluti. Myndin er tekin árið 1978 og bílinn er orðinn eins og nýr. *Þjms.* 7120.

komið í ljós að hladdinn sökkull getur vel staðið ekkert síður en steypur og algerlega ástæðulaust að steypa. Við erum að þreifa okkur áfram. Garðar taldi afar mikilvægt að skrásetja allar framkvæmdir og viðgerðir, rétt eins og í annarri forvörslu, því það verður að vera hægt að færa aðgerðir til baka. Í framhaldi af þessu spunnust umræður um endurnýjun í bænum. Er það bara byggingarhefðin sem skiptir máli?

Einnig var rætt nokkuð um eftirlit með þessum bæjum. Ef komið verður upp betra eftirliti, t.d. hreinsað frá stöðum á hverju vori, þá kemur það til með að kosta safnið mun minna viðhald á torfbæjunum. Hjörleifur hefur aðeins séð bókfært á einum stað hvernig Þjóðminjasafnið skuli halda bænum við, en það er á Burstarfelli, þar sem skráð er í bækur strax í upphafi, að húsinu skuli haldið við í því ástandi er safnið tók við honum. Þar er rafmagn í bænum, eldavel og steinsteypur skúr með vatnssalerni. Þarna er “grundvallarprinsippið” á hreinu. Þar er engin tilraun gerð til þess að færa til eldra horfs. Þarna hefur hyggjuvit

bænda ráðið því hvernig viðhaldinu hefur verið háttáð.

Þór Hjaltalín tók næstur til máls. Ef við snúum okkur aftur að Keldnaskálanum, þá er ljóst að taka þarf borðstofuna niður. Þetta þarf allt að skrá nákvæmlega þannig að hægt sé að reisa hana aftur í sömu mynd. Það er ljóst að það þarf hvort sem er að rífa þetta allt niður og það er með góðu móti hægt að taka allar aðgerðir til baka. Þó að gaflhlað skálans sé endurhlaðið þá er það svo að menn geta tekið til baka aðgerð af því tagi í framtíðinni ef menn telja að um mistök hafi verið að ræða og endurreist borðstofuna. “Heimildalega” séð þarf ekki að vera um verri stofu að ræða en þá sem við ætlum að endurreisa, enda væri hægt að geyma alla viði úr henni. Gunnar Bjarnason taldi að taka þyrfti við bænum eins og öðrum munum sem safnið á. Það er hins vegar ljóst að það er mjög ankannalegt að koma inn í skálann eins og hann lítur út núna. Það er mjög freistandi að laga gaflinn. Má ekki segja að verið sé að skemma fornminjar með aðgerðaleyssi? Hjörleifur taldi rétt að halda aðgreindum þessum

tveimur framkvæmdum, endurhleðslu gaflsins og þiljun á skálanum. Ef við ætlum að endurhlaða gaflinn, hvað gerum við þá við gluggann sem er á skálanum og er frá ca. 1970? Magnús svaraði að ef við höldum okkur við það “prinsipp” að breyta einungis því sem hefur breyst eftir að safnið tók við bænum og er á skjön við það handverk sem við viljum varðveita, þá ætti að leiðrétta. Hjörleifur spurði eftir hverju ætti þá að fara? Þórhallur benti á að við hefðum enga eldri glugga. Úr baðstofunni eigum við hins vegar eldri fög og það er hægt að leiðrétta þá skekkju. Ef við höfum eitthvað bitastætt fyrir því sem við erum að gera þá getum við það. Magnús sagði að hér væri um að ræða varðveislu á handverki. Glugginn er minna virði út frá því sjónarmiði. Hvað ef hér væri um að ræða “augnstungna” glugga? Myndum við skipta þeim út? Við sjáum af ljósmyndinni frá 1912 að þar er um krossglugga að ræða. “Estetikin” skiptir hér máli. Þór Hjaltalín spurði á hvaða forsendum Keldnabærinn væri varðveittur. Burstarfell er dæmi um bæ sem ekki má hrófla við og ber ummerki kynslóðanna, en hvað eigum við að varðveita á Keldum? Er eldhúsið frá 1914 eitthvert lykilatriði þar? Þessu svaraði Hjörleifur á þann veg að mikilvægast væri að taka bæinn eins og hann er. Allar túlkningar á honum eru æskilegar og það mun hver kynslóð túlka hann eins og hún best veit, en sú túlkun á aldrei að verða til þess að heimildagildi bæjarins verði eyðilagt eða raskað. Við munum fá nóg tækifæri á næstu árum til þess að byggja tilgátur, kópíur, líkt og þjóðveldisbæinn og á Eiríksstöðum. En við verðum að passa að Keldnabærinn verði ekki fórnarlamb tilgátugerðar. Þór Magnússon tók næstur til máls. Hann sagði að ýmsu hefði verið breytt í gegnum tíðina. Hvað eigum við að gera við kálgarðinn? Eigum við að stefna að því að setja hann upp aftur? “Ég teldi rétt að gera það”. Undir það tók Hjörleifur og sagði að vegg af þessum toga þurfi hvort sem er að hlaða upp aftur með reglulegu millibili og er hluti af handverkshefðinni. Þannig voru traðirnar endurhlaðnar nú síðasta sumar, sem voru rústir einar. Það ætti tvímælaust að hlaða upp kálgarðinn aftur. Garðar spurði um muninn á húsum og munum. Hverjar eru reglur forvarða? Hjörleifur sagði að mismunandi hefð hefði skapast eftir því hvaða muni væri um að ræða. Menn taka t.d. ryðguð bílhræ og gera þau upp þannig að bílarnir verða eins og nýir. “Byggingaprósessinn” er viðvarandi á torfbæ sem þessum og ef við ætlum

að láta allar viðgerðir sjást, eins og kveðið er á um í Fenejarskránni, erum við í raun að skemma það sem við ætlum að varðveita. Garðar spurði þá hvenær við yrðum búnir að eyðileggja allt? Í framhaldi af þessu spannst nokkur umræða um það hvernig bæri að varðveita viðina í bænum. Hefði verið rétt að taka gömlu miðaldaviðina úr Hólabænum? Hvað er merkilegast að varðveita þar? Er einhver munur á Hólabænum og Keldum? Er rétt að taka miðaldaviðina úr Keldnabænum til þess að varðveita þá betur? Við verðum að reyna að draga úr hrörnum bæjarins eins og við mögulega getum. Í lok fundarins áréttaði Þór Magnússon mikilvægi þess að allar framkvæmdir og viðgerðir húsa yrði að skrasetja vandlega.

Í framhaldi af fundi þessum á Keldum var sett saman *Stefnumörkun um viðgerð Keldnabæjarins og annarra húsa í vörslu Þjóðminjasafns Íslands*.⁵³ Þar dró Hjörleifur fram tvær skoðanir sem rökræðan snerist fyrst og fremst um. “**Annars vegar** þá, að Þjóðminjasafn Íslands beri að leggja aðaláherslu á að varðveita sem allra best þær heimildir sem í Keldnabænum eru fólgnar um menningarsögu okkar og láta komandi kynslóðum eftir að túlka þær, hverri eftir sínum forsendum. **Hins vegar** þá skoðun að skáli Keldnabæjarins sé lang-merkilegasti hluti bæjarins og rétt sé að fórna heimildagildi um aðra þætti bæjarins til að leggja áherslu á skálann, jafnvel þótt allar tilraunir til að færa skálann til eldra horfs væru háðar túlkun á heimildum sem eru af skornum skammti. Sú breyting sem gerð var á bænum á seinni hluta 19. aldar og árið 1914 varð á kostnað skálans, það er hafið yfir allan vafa. Hægt er með nokkurri vissu að færa skálann til eldra horfs og rétt er að gera það þótt um tilgátu sé að ræða. Eftir umræðurnar varð niðurstaðan sú að fyrri skoðunin skyldi ráða. Um það segir Hjörleifur, “Þyngst á metunum er vissan um skeikulleika mannglegrar hugsunar. Ef fyrri leiðin er valin er engum sundum lokað og heimildargildi bæjarins verður því sem næst óskert frá því safnið tók við honum. Ef sú síðari verður fyrir valinu munum við fórna nokkru af heimildargildi bæjarins í þeirri trú að mat okkar á mikilvægi eins þáttar fram yfir aðra sé ótvírætt og jafnframt mun túlkun okkar eða tilgáta um eldri gerð bæjarins að nokkru leyti verða á kostnað heimildargildis hans”. Stefna þessi fellur

⁵³ Þjms - Hjörleifur Stefánsson: *Stefnumörkun um viðgerð Keldnabæjarins*.

í meginatriðum að Feneyjarskránni. Hjörleifur segir jafnframt, “Í aðalatriðum má heimfæra þessa niðurstöðu á önnur hús í vörslu Þjóðminjasafns Íslands. Að jafnaði ber að varðveita þau eins og safnið tók við þeim og forðast tilraunir til að færa þau til eldra horfs. Færa þarf gild rök fyrir hverri undantekningu frá þeirri meginreglu”. Stefna þessi var síðan staðfest á framkvæmdaráðsfundi Þjóðminjasafnsins þann 10. febrúar 1998.⁵⁴

Heimildir

Óprentaðar heimildir

Þjóðminjasafn Íslands: Þjms

Þjms Hjörleifur Stefánsson: Minnisatriði frá skoðunarferð að Keldum. Keldnagögn Húsverndardeild.

Þjms-Hjörleifur Stefánsson; Stefnumörkun um viðgerð Keldnabæjarins. Keldnagögn – Húsverndardeild.

Þjms-Þór Hjaltalín: Keldur: Ritaðar heimildir: I. Þróun bæjarins – Heimildayfirlit, þróun húsaskipunar og viðgerðaannáll. Keldnagögn – Húsverndardeild.

Þjms-Þór Hjaltalín: Dagbók – Keldur sumarið 1997. Keldnagögn – Húsverndardeild.

Þjms-Þór Hjaltalín: Dagók – Keldur sumarið 1998. Keldnagögn – Húsverndardeild.

Þjms-Fundagerð framkvæmdaráðs Þjóðminjasafns þann 10. febrúar 1998.

Þjóðskjalasafn Íslands: ÞÍ

ÞÍ-Biskupsskjalasafn. Vísitazíubækur Brynjólfs biskups Sveinssonar 1639-1672. Vísitazíubók um Sunnlendingafjórðung, nema Þverárþing sunnan Hvítár, 1641-1670. Bps. AII7.

ÞÍ-Skjalasafn prófasta. V. Rangárþing. Vísitazíubók 1836-1847. VIA6.

ÞÍ-Skjalasafn prófasta. V. Rangárþing. Vísitazíu- og reikningabók 1872-1889. VIA9.

ÞÍ-Einkaskjalasafn. Skúli Guðmundsson: Smæsta smátt. Keldnaskjöl, E7.

ÞÍ-Skjalasöfn sýslumanna og sveitarstjórna. Rangárvalahreppur. Úttektabók 1827-1875.

Viðtal

Viðtal höfundar við Skúla Lýðsson, bónda í Keldum, þann 21. maí 1998.

Prentaðar heimildir

Ársskýrslur Þjóðminjasafns 1977. *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1977, Rv. 1978.

Guðbrandur Jónsson; Dómkirkjan á Hólum í Hjaltadal. Lýsing íslenzkra miðaldakirkna. *Safn til sögu Íslands og íslenzkra bókmennta* V. Rv. 1919-1929.

Guðmundur Hannesson; Húsagerð á Íslandi. *Iðnsaga Íslands*, fyrri bindi. Rv. 1943.

Helga Skúladóttir; “Örnefni á Keldum á Rangárvöllum”. *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1937-1939. Rv. 1939.

Hörður Ágústsson; Íslenski torfbærinn. *Íslensk þjóðmenning*I. *Uppruni og umhverfi*. Rv. 1987.

Hörður Ágústsson; “Fornir húsaviðir á Hólum”. *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1978. Rv. 1979.

Íslenskt Fornbréfasafn II. *Diplomatarium Islandicum*. Kh. 1857-1897.

Kirkja og kirkjuskruð. Miðaldakirkjan í Noregi og á Íslandi. Samstæður og andstæður: Ritstj. Lilja Árnadóttir. Rv. 1997.

Landshagaskýrslur fyrir Ísland 1912. Rv. 1913.

Páls saga. *Byskupa sögur* 2. hefti. Editiones Arnamagnæane. Series A vol. 13,2. Útg. Jón Helgason. Kh. 1978.

Sturlunga saga. Árna saga biskups. Hrafn saga Sveinbjarnarsonar hin sérstaka. I. Ritstj. Örnólfur Thorsson. Rv. 1988.

Vigfús Guðmundsson; *Keldur á Rangárvöllum. Jörðin, ábúendur, kirkjan, hús og mannvirki*. Rv. 1949.

Porláks saga. *Byskupa sögur* 2. hefti. Editiones Arnamagnæane. Series A vol. 13, 2. Útg. Jón Helgason. Kh. 1978.

⁵⁴ *ÞÍ*-Fundagerð framkvæmdaráðs Þjóðminjasafns þann 10. febrúar 1998.

Keldur á Rangárvöllum

**Framkvæmdir á Keldum 1997-1998
og stefnumótun um viðgerð bæjarins**

- 1 **Framkvæmdir á Keldum 1997-1998 og
stefnumörkun um viðgerð bæjarins.
Þór Hjaltalín.**



ÞJÓÐMINJASAFN
ÍSLANDS